

**Ed.**

**139. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 122 [Fasteignamat].

Frá fjárhagsnefnd.

Við 2. tölul. Orðin „eða ekki“ í niðurlagi till. falli niður.

Skýlt er hreppstjórum, bæjarfógetum og einstökum mönnum að láta í te allar upplýsingar, er matsnefndir óska og kostur er á, til leiðbeiningar við mat fasteigna.

#### 4. gr.

Við matið skal hver jörð, sem hefir sérstök bæjarhús og afskipt tún og engi, metin sér til verðs, hvort sem hún telst lögbýli eða eigi og hvort sem hún er fornt býli eða býli byggt úr landi annarar jarðar.

Lönd, sem látin hafa verið á erfðafestu, skal meta sér, hvort sem hús hafa verið reist á þeim eða ekki. Verði um það ágreiningur milli undirmatsnefndar og aðilja, hvort meta skuli fasteign sér eða ekki, skal lögreglustjóri skera úr. Úrskurði hans má þó innan mánaðar skjóta til yfirmatsnefndar, en hún leggur á málið fullnaðarúrskurð.

Eyðijarðir og óbyggðar lóðir og lendur skal meta sér til verðs, nema nytjaðar séu að fullu frá annari jörð eða lóð, enda sé sami eigandi að báðum.

Ennfremur skal meta sérstaklega allar lóðir og lendur, ásamt mannvirkjum, ítök og fasteignarréttindi, sem ekki fylgja neinni ákveðinni jörð eða húseign, svo sem vatnsréttindi, námuréttindi og veiðiréttindi, sem seld eru undan jörðum.

#### 5. gr.

Við mat jarðeigna skal:

1. Meta sér verðmæti landsins, að frádregnu því verðmæti þess, er stafar af styrk ríkisins, sbr. jarðræktarlög.
2. Meta sér þann hluta af verðmæti landsins, sem hvorki má selja né veðsetja (sbr. jarðræktarlög, nýbýlalög og lög um framlög ríkisins til endurbygginga á sveita-býlum).
3. Meta sér þann hluta af verðmæti landsins, sem svarar til afgjaldskvaðar, sem jarðareiganda ber að telja sér til eignar.
4. Meta sér þann hluta af verðmæti húsa, er jarðareigandi á, og telst þar með álag.
5. Meta sér verðmæti þeirra húsa, sem ábúandi á.
6. Meta sér verðmæti þeirra húsa, sem ekki má selja né veðsetja, sbr. jarðræktarlög og nýbýlalög.

Með landverðinu skal meta hlunnindi og ítök í lönd annara jarða.

#### 6. gr.

Húseignir allar í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, svo og hús þurrabúðar-manna í sveitum, ber að meta svo, að húsin skulu metin sér, lóðin sér og mannvirki á lóðinni, önnur en hús, sér. Að öðru leyti gilda ákvæði 5. gr. um mat á fasteignum þessum, ef styrkur hefir verið veittur til þeirra samkvæmt jarðræktarlögum eða ný-býlalögum.

#### 7. gr.

Afréttarlönd, sem eru eign sveitarfélaga eða sameign fleiri jarða og notuð eru aðallega til upprekstrar, skal ekki meta sérstaklega, en taka skal upprekstrarréttinn til greina við mat þeirra jarða, er hann eiga.

Þrætulönd milli jarða skal meta sér í lagi.

#### 8. gr.

Hverri fasteign, sem metin er, skal lýsa svo skýrt, að ekki verði um villzt, hver hún er. Nafngreina skal eiganda hennar og notanda. Geta skal þess, hvort landamerki og lóðamörk eru ágreiningslaus.

#### 9. gr.

Tiunda hvert ár, í fyrsta skipti 1938, skipar fjármálaráðherra þrjá menn í undir-fasteignamatsnefnd í hverri sýslu og hverju bæjarfélagi. Tveir nefndarmanna skulu

skipaðir eftir tilnefningu sýslunefndar eða bæjarstjórnar, en hinn þriðja skipar fjármálaráðherra án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Á sama hátt og til jafnlangs tíma skal skipa varamenn, er taka sæti í nefndinni í forföllum hinna, eftir því sem reglugerð kveður nánar á um.

#### 10. gr.

Fjármálaráðherra skipar þrjú menn til 10 ára í yfirfasteignamatnefnd, og skal einn þeirra vera formaður. Varamenn í yfirmatsnefnd skal skipa jafnmarga og til sama tíma.

#### 11. gr.

Hver, sem skipaður er í fasteignamatnefnd, hvort heldur undirmats- eða yfirmatsnefnd, skal undirrita drengskaparheit um að rækja starf sitt af alúð og samvirkusemi. Nefndarmenn allir eru sýslunarmenn ríkisins og njóta þeirra réttinda og hafa þær skyldur, er því fylgja að lögum.

#### 12. gr.

Milli þess er aðalmat fer fram, sbr. 1. gr., skal meta öll ný hús, svo og fasteignir, sem vegna einhverra sérstakra ástæðna breytast verulega að verðmæti. Mat þetta skulu úttektarmenn framkvæma, hver í sínum hreppi, en í kaupstöðum og annarsstaðar, þar sem ekki eru til úttektarmenn, skal til þess starfa kveðja tvo menn. Nefnir fjármálaráðherra annan, en hreppsnefnd eða bæjarstjórn kýs hinn. Í Reykjavík skal þó mat þetta framkvæmt af formanni yfirmatsnefndar og 2 mönnum, er bæjarstjórn kýs hlutfallskosningu. Yfirmatsnefnd hefir eftirlit með því, að aukamat fari fram þegar ástæða er til, og skal hún jafnan endurskoða slíkt mat eins og aðalmat væri.

#### 13. gr.

Formaður yfirmatsnefndar hefir fast árskaup, sem fjármálaráðherra ákveður, en aðrir matsmenn, í yfir- og undirmatsnefndum, taka þóknun fyrir starf sitt eftir því, hve lengi þeir vinna að því, og skal sú þóknun ákveðin af ráðherra á hverjum tíma, að fengnum tillögum yfirmatsnefndar og með hliðsjón af almennri kaupgreiðslu í landinu. Laun matsmanna og annan kostnað af matinu, þar með talinn ferðakostnaður, síma- og ritfangakostnaður, skal greiða úr ríkissjóði.

#### 14. gr.

Fjármálaráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd fasteignamats og störf matsnefnda, og skal hann í hvert skipti, er aðalmat á fram að fara, ákveða, hvenær það byrji og hvenær því skuli lokið.

Matsgerðir úr hverjum hreppi og kaupstað skal leggja fram á þingstað hreppsins eða kaupstaðarins þegar er undirmati er lokið, og skal auglýsa á venjulegan hátt, hvenær þær liggi frammi, og má það ekki vera skemmri tími en mánuður.

#### 15. gr.

Við mat fasteigna skal gera eiganda eða umráðamanni kost á að bera fram þær skýringar, sem hann óskar, að teknar verði til greina við matið.

Nú er eigandi fasteignar óánægður með mat undirmatsnefndar eða þykir ekki samræmi í mati í hreppi, sýslu eða kaupstað, og getur hann þá kært það til undirmatsnefndar, enda skal hann þá leggja fram skrifleg rök máli sínu til stuðnings eigi síðar en mánuði eftir að matsgerðirnar lágu frammi í hreppnum eða kaupstaðnum.

Allar aðfinnslur og kærur, sem undirmatsnefnd berast, skal hún athuga og úrskurða. Að því húnu skal nefndin senda matsgögn öll til yfirmatsnefndar og láta fylgja lýsingu fasteignar, þær kærur og aðfinnslur, er fram hafa komið við matið og hana varðar, svo og umsögn eða úrskurð sinn í málinu.

Heimilt er aðilja að skjóta úrskurði undirmatsnefndar til yfirmatsnefndar, en hún leggur á málið fullnaðarúrskurð.

16. gr.

Yfirmatsnefnd hefir eftirlit með störfum undirmatsnefnda, undir yfirumsjón fjármálaráðherra. Hún skal endurskoða og samræma mat allra fasteigna. Ef henni þykir eitthvað vera óljóst eða rangt, getur hún heimtað nánari skýringar hjá undirmatsnefnd og eiganda eða notanda fasteignar.

Yfirmatsnefnd ákveður gerð eyðublaða undir lýsingar fasteigna og sendir þau til undirmatsnefnda í tæka tíð.

Að loknu hverju aðalmati semur yfirmatsnefnd og lætur prenta fasteignabók samkvæmt matsgerðum undirmatsnefnda, með þeim breytingum, er á matinu hafa orðið við úrskurð eða endurskoðun yfirmatsnefndar. Skal bókin löggilt af fjármálaráðherra og send ókeypiss öllum þeim mönnum og stofnunum, er fá stjórnartíðindi án endurgjalds.

17. gr.

Aukamati samkv. 12. gr. ber að ljúka fyrir 1. desember ár hvert, og skal það liggja frammi allan desembermánuð. Um kærur og aðfinnslur fer eftir því, sem segir í 15. gr. Í janúar næstum á eftir skal síðan senda matsgerðirnar til yfirmatsnefndar. Yfirmatsnefnd skal árlega tilkynna skattayfirvöldum þeim, er hlut eiga að máli, þær breytingar, er verða á fasteignamati við aukamat.

18. gr.

Nú óskar einhver endurmats á fasteign sinni milli þess, er aðalmat fer fram, og skal hann þá senda yfirmatsnefnd um það rökstudda beiðni. Yfirmatsnefnd úrskurðar síðan, hvort endurmat skuli fram fara eða ekki.

19. gr.

Aukamatsmenn fá þóknun úr ríkissjóði fyrir starf sitt eftir lögum um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m. Þó skal sá, er krefst endurmats, sbr. 18. gr., greiða matskostnaðinn, nema matsverðið breytist um 10% eða meira.

20. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 22 frá 3. nóv. 1915, um fasteignamat, lög nr. 14 frá 19. júní 1922, um skattmat fasteigna, lög nr. 41 frá 8. sept. 1931, um breyting á lögum nr. 22 frá 3. nóv. 1915, um fasteignamat, svo og önnur ákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Nd.**

**141. Nefndarálit**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 13. nóv. 1903, um vörumerki.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. nóv. 1937.

Bergur Jónsson, Vilm. Jónsson, Garðar Þorsteinsson,  
form. fundaskr. frsm.  
Thor Thors. Gísli Guðmundsson.

**Ed.**

## 142. Frumvarp til laga

um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Flm.: Bernharð Stefánsson, Jón Baldvinsson.

### 1. gr.

Til þess að standast útgjöld ríkisins 1938 og til þess að greiða tillag til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga er ríkisstjórninni heimilt að afla tekna á þann hátt, er greinir hér á eftir.

### 2. gr.

Með því að leggja á tekjuskatt á árinu 1938 eftir þeim skattstiga, sem hér fer á eftir, í stað þess skattstiga, sem greinir í 6. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekju- og eignarskatt:

Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr., greiðist af honum 1%.	
Af	1000—2000 kr. skattsk. tekjum greiðast 10 kr. af 1000 kr. og 2 % af afg.
— 2000—3000 —	— 30 — 2000 — 5 —
— 3000—4000 —	— 80 — 3000 — 7,5 —
— 4000—5000 —	— 155 — 4000 — 10 —
— 5000—6000 —	— 255 — 5000 — 15 —
— 6000—7000 —	— 405 — 6000 — 20 —
— 7000—8000 —	— 605 — 7000 — 30 —
— 8000—9000 —	— 905 — 8000 — 31 —
— 9000—10000 —	— 1215 — 9000 — 31,5 —
— 10000—11000 —	— 1530 — 10000 — 32 —
— 11000—12000 —	— 1850 — 11000 — 33 —
— 12000—13000 —	— 2180 — 12000 — 34 —
— 13000—14000 —	— 2520 — 13000 — 35 —
— 14000—15000 —	— 2870 — 14000 — 36 —
— 15000—16000 —	— 3230 — 15000 — 37 —
— 16000—18000 —	— 3600 — 16000 — 38 —
— 18000—20000 —	— 4360 — 18000 — 39 —
— 20000—22000 —	— 5140 — 20000 — 40 —
— 22000—24000 —	— 5940 — 22000 — 41 —
— 24000—26000 —	— 6760 — 24000 — 42 —
— 26000—28000 —	— 7600 — 26000 — 43 —
— 28000 og þar yfir —	— 8460 — 28000 — 44 —

Félög þau og stofnanir, er um ræðir í a-lið og c-lið 3. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, greiði þó aldrei lægri skatt en 5% af skattskyldum tekjum. Sama er um skattgjald samkv. 2. gr. og skattgjald erlendra félaga.

Af skattskyldum tekjum þeirra félaga, er um ræðir í 3. gr. b-lið laga nr. 6 9. jan. 1935, greiðist 10%, ef skattskyldar tekjur þeirra nema 7000 kr. eða þar yfir.

Sá skattauki, sem lagður kann að verða á 6000 króna skattskyldar tekjur eða þar yfir samkvæmt þessum lögum, skiptist í tvo jafna hluta, og skal öðrum hlutanum varið til þess, sem talið er í 1. gr., en hinn hlutinn skal renna til bæjar- eða sýslusjóðs kaupstaðar þess eða þeirrar sýslu, þar sem skatturinn er á lagður.

### 3. gr.

Með því að innheimta á árinu 1938 gjald til ríkissjóðs af vörum þeim, sem fluttar eru hingað til lands og ekki eru undanþegnar því í þessum lögum. Gjaldið skal greiða af innkaupsverði varanna, kominna um borð í skip, sem flytja á vörurnar hingað til lands. Skal hlutaðeigandi lögreglustjóri, í Reykjavík tollstjóri,

stimpla á þann hátt, er ræðir um í lögum nr. 75 27. júní 1921, innkaupsreikninga yfir vörurnar með þeim hundraðshlutum í gjald af innkaupsverðinu, sem hér greinir:

1. Með 2% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur: Áburðarefni, akkeri og akkerisfestar, baðlyf, björgunartæki, blýsökkur, dráttartaugar fyrir plóga og herfi, fiskábreiður, fiskilínur, fiskinet, fiskmottur, fiskpressur, forardælur, frystivélar, fræ og trjáplöntur, girðingarefni, grastó, hafragrjón, hafrar, hevvinnsluvélar, hrifur, hrifutindaefni, hrísgrjón, húðir saltaðar, kjöttunnur og efni í þær, kjötumbúðir, kol, landbúnaðarvélar, ljáir og blöð, lóðarbelgir, lóðartaumar, lóðarteinar, lóðarönglar, lýsistunnur og efni í þær, manilla, mjaltavélar, mótórvélar, netagarn, netakork, netakúlur, oliulampar og tilheyrandi, plógar og herfi, prjónavélar, rúgmjöl, rúgur, sáðvélar, salt, saumavélar, sildarkrydd, sildartunnur og efni í þær, skóflur og landbúnaðarverkfæri allskonar, sláttuvélar, smávarningur á og til fata, svo sem tölur, krókapör, smellur, spennur, leggingar, tvinni, snúrur og teygjubönd, smjörpappír, steinolia, umbúðastrigi, varahlutir til mótórvéla, veiðarfæri og efni í þau, vélaolíur í tunnum og brúsum, vörpugarn, vörpuhlerar, vörpujárni og vörpur.
2. Með 7% stimplast reikningar yfir allar aðrar vörur en þær, sem tilgreindar eru í 1., 3., 4. og 5. tölulið greinar þessarar, eða eru sérstaklega undanþegnar samkvæmt því, sem segir hér á eftir.
3. Með 10% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur: Bifhjól, blákka, borðbúnaður, annar en sá, er fellur undir 5. tölulið þessarar greinar. Burstavörur, búshöld allskonar, eldhúshöld allskonar, fólksflutningsbifreiðar, fægiefni allskonar, glervarningur, greiður, hreinlætisvörur allskonar, húsgögn og húsgagnahlutar, kaffi, lásar, skrár, lamir og tilheyrandi, leirvarningur, postulinsvarningur, ræstiduft, sápa allskonar, sápuþuft og spænis. Smávarningur úr alpakka, aluminium, beikalít, beini, blýi, eir, hvítmálmi, járn, látúni, málmblendingi, steintegundum, tini og tré. Speglar, stivelsi, straubretti, straujárni, sykur, tauklemmur, taurullur, tausnúrur, tauvindur, vogir og tilheyrandi, þvottabretti og þvottaefni allskonar.
4. Með 15% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur: Fatnaður allskonar, band, garn, kakaó, kryddvörur, sagó, skófatnaður, annar en gúmmískófatnaður. Sýróp, te, vefnaðarvörur og vefnaður allskonar.
5. Með 30% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur: Ávaxtamauk, ávaxtasulta, ávextir niðursoðnir, ávextir nýir, ávextir þurrkaðir, brjóstsykur, grænmeti niðursoðið, grænmeti nýtt, grænmeti þurrkað, gullvarningur, gull og silfur óunnid, hljóðfæri og músikvörur, konfekt, leðurvörur, platinuvarningur, silfurvarningur, snyrtivörur, súkkulaði, úr og klukkur, vörur úr gull-, silfur- og platinu-pletti.

Undanþegnar gjaldi þessu eru vörur þær, sem tilgreindar eru í auglýsingu um viðskiptasamkomulag milli Íslands og sameinaða konungsríkisins Stórabretlands og Norður-Írlands, nr. 106 29. júní 1933, þó ekki lengur en sá samningur er í gildi. Ennfremur blöð, bækur, timarit, endursendar íslenskar afurðir, endursendar tómar umbúðir, notaðir heimilismunir manna, er flytja vistferlum til landsins og hafa verið minnst eitt ár húsettir erlendis, og venjulegur farangur farþega.

Gjöld þau, sem greinir í 1.—5. tölulið hér á undan, skal einnig greiða af vörum, sem aðflutningsgjöld hafa ekki verið greidd af er lög þessi öðlast gildi, þótt vörurnar hafi verið fluttar til landsins fyrir gildistöku laga þessara.

Verði ágreiningur um það, hvaða vörur skuli taldar og ekki taldar til framangreindra gjaldflokka, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

Framangreind ákvæði raska að engu leyti gildandi lögum um verðtoll. Ákvæðin um sýning innkaupsreikninga í 1. gr. laga nr. 5 3. apríl 1928, svo og ákvæðin í gildandi reglugerð um verðtoll og ákvæði 4.—15. gr. laga nr. 54 15. júní 1926 og 4. gr.

laga nr. 132 31. des. 1935 skulu gilda, eftir því sem við á, um gjald samkvæmt þessari grein.

Sérstök skilgrein skal gerð fyrir gjaldi samkvæmt þessari grein. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um greiðslu gjaldsins af vörum, sem sendar eru til landsins í pósti, og um annað, er snertif framkvæmd á ákvæðum greinarinnar, og má í reglugerðinni ákveða sektir fyrir brot á henni.

#### 4. gr.

Með því að innheimta á árinu 1938 8 auru innflutningsgjald af hverjum lítra af benzíni, í stað þess innflutningsgjalds, sem ákveðið er í a-lið 1. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932.

Að öðru leyti gilda ákvæði nefndra laga 6. júlí 1932 um innheimtu og endurgreiðslu innflutningsgjalds af benzíni samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar.

Þeim tekjuauka, sem leiðir af framangreindri hækkun innflutningsgjaldsins af benzíni frá því, sem það var eftir nefndum lögum frá 1932, skal varið til að greiða kostnað við lagning akvega og malbikun þjóðvega svo sem hér greinir:

##### 1. Til malbikunar:

a. Elliðaárvegur	.....	allt að	50000 kr.
b. Hafnarfjarðarvegur	.....	— —	50000 —

##### 2. Til akvega:

a. Til Suðurlandsbrautar	.....	allt að	70000 kr.
b. — Holtavörðuheiðarvegur	.....	— —	45000 —
c. — Austurlandsvegur	.....	— —	20000 —
d. — Geysisvegur	.....	— —	5000 —
e. — vega út frá Akureyri	.....	— —	10000 —
f. — Vopnafjarðarvegur til Möðrudals	.....	— —	5000 —
g. — Ljósavatnsskarðsvegur	.....	— —	5000 —

Það, sem ofangreindur tekjuauki kann að fara fram úr 260000 krónum, leggist í sérstaðan sjóð, er verði ráðstafað til lagningar Suðurlandsbrautar á árinu 1939.

#### 5. gr.

Með því að innheimta á árinu 1938 með 10% viðauka alla skatta, tolla og önnur gjöld, sem greiða ber í ríkissjóð og falla í gjalddaga á árinu, og því einnig skatta og gjöld samkvæmt 2., 3. og 4. gr. laga þessara.

Framangreindu 10% gjaldi skal einnig bætt við aðflutningsgjöld af vörum, sem fluttar hafa verið til landsins áður en lög þessi öðluðust gildi, en aðflutningsgjöld hafa ekki verið greidd af fyrir gildistöku laga þessara.

Undanþegin viðaukagjaldi samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar eru útflutningsgjöld samkvæmt lögum nr. 63 23. jan. 1935, gjöld samkvæmt lögum nr. 25 9. jan. 1935 og aðflutningsgjöld af vörum þeim, sem tilgreindar eru í auglýsingu nr. 106 29. júní 1933, þó ekki lengur en samningur sá, sem þar er birtur, er í gildi.

Fjármálaráðherra setur nánari reglur um innheimtu viðaukagjaldsins samkvæmt þessari grein, svo og um skil á því í ríkissjóð.

#### 6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1938.

### Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni fjármálaráðherra, og fylgdu því eftirfarandi athugasemdir:

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir framlengingu á nokkrum þeim ákvæðum til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð, sem verið hafa í lögum og eru í lögum á yfirstand-

andi ári. Er þar átt við ákvæði um hátekjuskatt, sérstakt aðflutningsgjald og benzínskatt.

Nýmæli frumvarpsins eru hinsvegar þessi:

- 1) Aðflutningsgjaldið hækkað um 5% af þeim vörum, sem aðflutningsgjald er greitt af samkvæmt núgildandi lögum, og ættu tekjur af því að nema um ..... kr. 1000000.00
  - 2) Að 2% aðflutningsgjald sé lagt á þær vörur, sem áður voru undanþegnar gjaldinu. Ætti það ákvæði að gefa í tekjur ..... — 325000.00
  - 3) Að ríkisstjórninni er heimilað að innheimta alla skatta og tolla til ríkissjóðs með 10% álagi, að undanskildu útflutningsgjaldi, og ættu tekjur af því að nema ..... — 1325000.00
- Tekjuaukinn samkvæmt frv. ætti því að nema ca. .... kr. 2650000.00

Samkvæmt frumvörpum, sem flutt hafa verið og flutt verða að tilhlutun ríkisstjórnarinnar, er ætlað til:

- a) Að útflutningsgjald af saltfiski sé fellt niður, og nemur það um kr. 225000.00
  - b) Að af því útflutningsgjaldi, sem þá er eftir í lögum, verði látnar renna til fiskimálasjóðs, til stuðnings við sjávarútveginn. — 400000.00
  - c) Að til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga renni af tekjum samkvæmt þessu frumvarpi ..... — 700000.00
- Samtals kr. 1325000.00

Af ofanefndum 2650000.00 kr. fer réttur helmingur, eða kr. 1325000.00, til þess að veða upp útflutningsgjaldið, sem hættir að mestu að verða tekjuliður fyrir ríkissjóð, og til jöfnunarsjóðs sveitar- og bæjarfélaga. Heildartekjur ríkissjóðs sjálfs hækka hinsvegar um kr. 1325000.00 samkvæmt frumvarpinu.

Eins og kunnugt er, þá er um 900000.00 kr. greiðsluhalli á fjárlagafrumvarpinu, sem nú liggur fyrir Alþingi. Er þó eftir að taka til greina í frumvarpinu nokkrar hækkunar vegna aukinnar dýrtíðar og þar af leiðandi aukins kostnaðar við ríkisreksturinn. Tekjur í fjárlagafrumvarpinu eru áætlaðar nokkuð í samræmi við það, sem þær reyndust árið 1936, og er því ekki hægt að áætla þær hærri, ef fulla varasemi á að sýna um afgreiðslu fjárlaga. Ástæðurnar fyrir þessum greiðsluhalla fjárlaganna hafa verið margsinnis raktar. Orkar þar mestu, að tolltekjurnar samkvæmt hinum eldri tollögum hafa farið stórmínkandi undanfarin ár. Nægir að minna á það í þessu sambandi, að vörotollurinn og verðtollurinn reyndust um kr. 1800000.00 lægri s.l. ár en árið 1925, og nærri 1000000.00 kr. lægri en 2 árum áður, — árið 1934. Enda þótt nokkrar hækkunar á sköttum og tollum hafi verið lögleiddar, þá hafa heildartekjur ríkissjóðs farið sáralítið hækkanandi. Hér kemur og til greina, að framlög til verklegra framkvæmda og nauðsynjamála atvinnuveganna hafa verið hækkuð nokkuð undanfarið. Þegar nú þessa er gætt og tekið til greina, að óhjákvæmilega þarf að bæta í fjárlagafrumvarpið nokkrum verulegum upphæðum til styrktar landbúnaðinum í þeim héruðum, þar sem fjárpestin hefir geisað, og að bæta verður einnig í frumvarpið styrkjum og framlögum til ýmissa nauðsynjamála einstakra héraða, þá verður það ljóst, að sízt mun veita af þeim viðbótartekjum til ríkissjóðs, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, eða kr. 1325000.00. Til þess að tekjur ríkissjóðs, að viðbættum þeim, sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi, hrökkvi til þess að standast allar greiðslur ríkissjóðs, verður vafalaust einnig að gripa til þess, að færa niður ýmsa útgjaldaliði fjárlaganna, og er þá ekki hægt að neita því, að fyrir munu verða einhverjir þeir liðir, sem menn gjarnan vildu halda óbreyttum og út af fyrir sig eru nauðsynlegir. Þeir, sem kunnugir eru fjárlögunum, vita það, að ef ekki væri nú gripið til neinnar tekjuöflunar til viðbótar þeim tekjum, sem fyrir eru, þá yrði að skera stórkostlega niður verklegar framkvæmdir og framlög



til sjálfra atvinnuveganna, og enn fremur að láta undir höfuð leggjast að sinna þeirri þörf, sem bæði landbúnaður og sjávarútvegur hafa fyrir aukinn stuðning nú. Heldur en að láta þannig allan nýjan stuðning niður falla og sinna ekki að neinu þörf atvinnuveganna eða skerða tilfínanlega þann stuðning, sem veittur hefir verið að þessu, þá hafa stjórnarflokkarnir tekið það ráð, að leggja til með þessu frumvarpi, að tekjur ríkissjóðs séu nokkuð auknar frá því, sem þær hafa verið, og þar að auki vegið upp á móti útflutningsgjaldinu, sem nú verður varið til stuðnings sjávarútveginum.

Þá skal víkja að þeim leiðum til tekjuöflunar, sem valdar hafa verið. Fyrir liggur, að beinir skattar, þ. e. a. s. tekju- og eignarskattur, eru orðnir svo háir hér á landi, þegar tekið er tillit til þeirra útsvara, sem á eru lögð af hajar- og sveitarfélögum, að almennt mun litið svo á, að ekki geti orðið um neina verulega tekjuöflun að ræða eftir þeim leiðum einum saman. Undanfarið ár hafa þessir skattar verið hækkaðir verulega á hærri tekjum og eignum, og gjöldin til ríkissjóðs þannig færð til meira réttlætis en áður var. Að þessu athuguðu þótti því réttast að byggja nýjar greiðslur til hins opinbera að verulegu leyti á þeim grundvelli, sem lagður hefir verið undanfarið, og heimila að leggja á alla skattana og tollana 10%.

Ef ekki hefði þurft öðru að sinna en tekjuöflun til ríkissjóðs út af fyrir sig, þá hefði slíkur viðauki getað nægt nokkurnveginn, en það þurfti einnig að afla sveitar- og bæjarfélögum tekna og láta af hendi við sjávarútveginn meginhluta útflutningsgjaldsins, og því varð að gripa til annara úrræða jafnframt. Eins og þráfallega hefir verið bent á, og síðast hér að framan, þá hafa tolltekjur ríkissjóðs af innfluttum vörum farið sífellt minnkandi, vegna þess, hve innflutningshöftunum hefir verið heitt stranglega og hve framleiðsla tollvara í landinu sjálfu hefir færzt í vöxt. Það hefir verið ljóst mál, að þetta gat ekki gengið svo til lengdar, og að annaðhvort yrði að leggja tolla á innlendu framleiðsluvörurnar eða hækka aðflutningsgjaldið á þeim vörum, sem fluttar eru til landsins þrátt fyrir innflutningshöftin. Nú liggja ekki fyrir nægilegar rannsóknir á því, hvort innlendi iðnaðurinn myndi þola auknar tollgreiðslur, eða réttara sagt, hvort það myndi ekki gera hann með öllu ósamkeppnisferan við erlendan iðnað, ef framleiðslutollur yrði settur á. Þótti því réttara að gripa til þess úrræðis, að hækka það útflutningsgjald, sem fyrir er, en þá verður vitanlega alls ekki hjá því komizt, að það nái til annara vara en þeirra, sem lítt þarfar eru, af þeim einföldu ástæðum, að innflutningur á lítt þörfum vörum er sáralítill. — Meginhækkunin, 5%, kemur fram á þeim vörum, sem áður voru gjaldskyldar, en lítilsháttar hækkun, 2%, á þeim vörum, sem áður voru gjaldfrjálsar. Eru í þessum flokki nauðsynlegar vörur, en gjaldið svo lágt, að litið verður vart við það í framkvæmd, þótt það hinsvegar muni ríkissjóð nokkru. Þótti réttara að leggja þannig á lágt gjald, er næði til allra vara, heldur en bæta enn herra hundraðshluta ofan á aðflutningsgjaldið, sem fyrir var.

Eins og frumvarp þetta og önnur svipuð héra með sér, er tollalöggjöf okkar orðin mjög flókin, og átti sú staðreynd sinn þátt í því, að þær leiðir, sem valdar hafa verið til þess að afla aukinna tekna, eru mjög einfaldar og óbrotnar í framkvæmd. Mikill hluti af tolltekjum ríkissjóðs er fenginn með svokölluðum bráðabirgðaákvæðum. Ástæðan fyrir því er fyrst og fremst sú öra breyting, sem orðið hefir á utanríkisverzluninni og innflutningstollunum í sambandi við hana. Er orðin hin mesta nauðsyn að taka öll þessi mál til ýtarlegrar athugunar, bæði skattálagningu, tollinnheimtu og tollgæzluna sjálfa, en slíkt verður ekki gert nema með mjög mikilli vinnu, og mun ríkisstjórnin væntanlega leggja til við Alþingi, að þessi mál verði tekin til athugunar á næsta ári. Eitt af því, sem þá verður alveg sérstaklega að taka til athugunar, eru möguleikar til tollgreiðslu af ýmsum innlendum iðnaðarvörum. Það virðist ekki geta náð nokkurri átt, þegar til lengdar lætur, að ýms iðnfyrirtæki, sem framleiða tiltölulega nauðsynlegar vörur, hafi 25—30% tollvernd, og selji þó vörur sínar ekki lægra verði en erlendar vörur fást fyrir. Með því móti fær iðnaðurinn það fé frá almenningi, sem ríkissjóður hefir áður fengið.

en hækka verður í þess stað aðflutningsgjöld til rikissjóðs á aðfluttum vörum. Töluverður hluti af þeirri hækku aðflutningsgjalda, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir, á rót sína að rekja til þessa ástands.

**Nd. 143. Nefndarálit**

um frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Þaralátursfjörð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óhreytt.

Alþingi, 17. nóv. 1937.

Bergur Jónsson, form.	Vilm. Jónsson, fundaskr., frsm.	Garðar Þorsteinsson, frsm.
Thor Thors.	Gisli Guðmundsson.	

**Nd. 144. Nefndarálit**

um frv. til l. um lántöku fyrir rikissjóð.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt. ÓTh og StSt gera grein fyrir fyrirvara sínum við umræður.

Alþingi, 17. nóv. 1937.

Skúli Guðmundsson, form.	Ásgeir Ásgeirsson, fundaskr.	Sveinbjörn Högnason, frsm.
Ólafur Thors, með fyrirv.	Stefán Stefánsson, með fyrirv.	

**Nd. 145. Breytingartillögur**

við frv. til l. um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. Við 1. gr.

a) Í stað „Þá er og“ í 2. másl. komi: Jafnframt er.

b) Síðasta málsgr. orðist svo:

Ennfremur er heimilt að ákveða með reglugerð, að allir, sem ætla að ferðast til útlanda, skuli gefa, áður en þeir fara, skýrslu fyrir lögreglustjóra um, að þeir hafi aflað sér nauðsynlegs erlends gjaldeyris á löglegan hátt, eða þeir geti séð sér farborða erlendis án þess að brjóta íslenska gjaldeyrislöggjöf, og að eigendum eða forráðamönnum flutningstækja skuli óheimilt að selja mönnum farmiða eða flytja fólk til útlanda, nema fyrir liggja vottorð frá lögreglustjóra um, að nefnd skýrsla hafi verið gefin fyrir honum.

2. Við 3. gr. Aftast við greinina bætist: en þó eigi minna en 50 auro fyrir hvert einstakt leyfi.

**Nd.**

## **146. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

52. gr. laga nr. 75 27. júní 1921 orðist svo:

Sektir samkvæmt lögum þessum er þó fjármálaráðuneytinu heimilt að lækka, og jafnvel láta þær alveg falla niður, ef sérstakar málsbætur eru.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Greinargerð.**

Í lögum um stimpilgjald, nr. 75 27. júní 1921, er svo ákveðið, að hver, sem ekki lætur stimpla stimpilskytt skjal innan tveggja mánaða, skuli greiða í sekt stimpilgjaldið fimmfalt. Þó þótti vera nokkuð ósanngjarnt, að þessu yrði beitt í öllum tilfellum, og var stjórnarráðinu heimilað að lækka sektir eða fella þær alveg niður fyrstu tíu árin eftir að lögín öðluðust gildi. Heimild þessi féll niður í ársbyrjun 1932, og komu brátt í ljós ýms dæmi, sem sýndu, að það kom oft ranglátlega niður að heita sektunum fortakslaut. Með lögum nr. 129 31. des. 1925 var heimildin til að lækka eða fella niður sektirnar framlengd til 1. júlí 1937. Það hefir þó komið í ljós, að þetta hefir ekki verið nægilegt, og koma fyrir dæmi, þar sem bersýnilegt er, að ófyrirsjáanleg atvik hafa valdið því, að stimplun bréfanna hefir dregið litið eitt fram yfir tvo mánuði, og oft þannig, að sá, sem fyrir sektinni yrði, á enga sök á því.

Er því með frumvarpi þessu farið fram á, að fjármálaráðuneytið hafi áfram heimild til þess að lækka eða fella niður sektina.

**Nd.**

## **147. Frumvarp til laga**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fyrirskipa blöndun á þurrmjólk í brauð í brauðgerðarhúsum, og til þess að ákveða hámarksverð á brauði og þurrmjólk.

Flm.: Emil Jónsson, Sveinbjörn Högnason.

1. gr.

Í lögum þessum er efni það, sem unnið er úr mjólk með því að þurrka hana, nefnt þurrmjólk. Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð, hvaða efni skuli vera í feitri þurrmjólk og feitislausri þurrmjólk, svo að fullgild vara sé.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra hefir heimild til þess að ákveða með reglugerð, sem samin er í samráði við mjólkursölunefnd og matvælaeftirlit ríkisins, að allt brauð, sem selt er í brauðgerðarhúsum, sé skylt að blanda þurrmjólk, er framleidd sé innanlands, og má ákveða, að þurrmjólkin nemi allt að  $\frac{1}{40}$  af þyngd þurrefnis brauðsins. Ákveða má, að í stað þurrmjólkur megi nota mjólk, enda samsvari magn hennar og innihald þurrmjólkinni, sem fyrirskipað er, að blandað sé í mismunandi tegundir brauðs.

3. gr.

Nú er eigi til nægileg þurrmjólk eða mjólk í vissum landshlutum, eða sérstakir örðugleikar eru á því að afla þessa, til þess að blanda í brauð, svo sem fyrir

er mælt í reglugerð ráðherra, og hefir hann þá heimild til að mæla svo fyrir, að minnka megi magn þurrmjólkur eða mjólkur, er þar sé skylt að blanda í brauð, eða undanþiggja frá blöndun.

4. gr.

Nú hefir landbúnaðarráðherra fyrirskipað þurrmjólkurblöndun í brauð samkvæmt lögum þessum, og hefir hann þá heimild til að ákveða hámarksverð á þurrmjólk, er seld sé frá vinnslustöð til brauðgerðarmanna, og hámarksverð á brauðum.

5. gr.

Landbúnaðarráðherra felur matvælaeftirliti ríkisins að hafa með höndum eftirlit með þurrmjólkurvinnslustöðvum og með því, að ákvæðum reglugerðar, sem gefin er út samkvæmt lögum þessum, sé hlýtt.

Eftirlitsmanni skal jafnan heimilt að taka sýnishorn af brauði eða brauðefni til rannsóknar úr brauðgerðarhúsum. Brauðgerðarmönnum er skylt að veita eftirlitsmanni þær upplýsingar um framleiðsluna, sem hann óskar og starf hans varðar, enda skal honum jafnan heimilt að athuga viðskiptabækur brauðgerðarhúsa.

6. gr.

Engum er heimilt að starfrækja þurrmjólkurvinnslustöð, nema með leyfi landbúnaðarráðherra.

7. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita byggingarstyrk til þurrmjólkurvinnslustöðva eftir sömu reglum og gildandi eru á hverjum tíma um styrk til mjólkurbúa.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 100 til 5000 króna, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

Skal fara með mál út af lögum þessum sem almenn lögreglumál, nema um brot á hegningarlögum sé að ræða.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Frumvarp, í aðalatriðum samhljóða þessu, var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga. Frumvarpinu fylgdi þá ýtarleg greinargerð, og visast til hennar um skýringar á því.

## **Ed. 148. Frumvarp til laga**

um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna.

Flm.: Bernharð Stefánsson, Jón Baldvinsson.

### I. KAFLI

#### Um fasteignaskatt.

1. gr.

Í kaupstöðum og hreppsfélögum er heimilt að leggja árlega fasteignaskatt á húseignir og önnur mannvirki, lóðir og lendur, og skal hann vera eins og hér segir:

1. Af hvægingarlóðum, hvæðum og áhvæðum allt að 200.

2. Af húseignum og öðrum mannvirkjum allt að 1%.
3. Af túnum, görðum, reitum, erfðafestulöndum og öðrum lóðum og lendum allt að 0,5%.

2. gr.

Skattur sá, sem í 1. gr. getur, skal lagður á eftir fasteignamati, og annast bæjarstjórnir og hreppsnefndir innheimtu hans.

Eigandi greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sé að ræða. Þá greiðist skatturinn af ábúanda eða notanda.

3. gr.

Bæjarstjórnir og hreppsnefndir ákveða með reglugerð upphæð skattsins til 5 ára í senn, innan þeirra takmarka, er í 1. gr. segir, og má skatturinn vera mismunandi á hinum ýmsu tegundum lóða. Heimilt er og að hafa skattinn mismunandi eftir því, til hvers eignirnar eru notaðar, og af húseignum enn fremur mismunandi eftir verðmæti þeirra, miðað við fasteignamatsverð og íbúðafjölda, allt eftir nánari ákvæðum í reglugerð. Þar skal og gjalddagi ákveðinn. Reglugerðir kaupstaðanna skulu staðfestar af atvinnuáráðherra og birtar í Stjórnartíðindunum, en reglugerðir hreppanna skulu staðfestar af viðkomandi sýslunefnd og færðar inn í sýslufundargerðina.

4. gr.

Undanþegnar skatti samkvæmt 1. gr. eru allar fasteignir bæjar- og sveitarsjóða, nema leigulóðir og jarðir í leiguábúð. Enn fremur eru undanþegnar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, elliheimili, þinghús og hús annara ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í millirikjaerindum. Hið sama er um lóðir, sem fylgja slíkum húsum.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er aðiljum að skjóta málinu til dómstólanna.

5. gr.

Skatt þann, er í 1. gr. getur, skal telja af heilum hundruðum króna af virðingarverði, en því, sem umfram er, skal sleppa, og nái virðing ekki 100 kr., greiðist enginn skattur.

Skatturinn rennur til bæjarsjóðs eða sveitar, þar sem hin skattskylda fasteign er.

6. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

7. gr.

Ef bæjarstjórn í kaupstað eða hreppsnefnd í kauptúni leggur á húseignir skatt, sem er helmingur eða meira þess hámarks, sem heimilað er í 1. gr., skal bæjarsjóður á sinn kostnað annast í kaupstaðnum sóthreinsun, sorphreinsun, salernahreinsun, en um vatnsskatt, gjald til holræsa, gangstétta og brunatrygginga fer eftir ákvæðum þeim, sem nú gilda eða síðar verða sett.

8. gr.

Skatt samkvæmt 1. gr. má fyrst leggja á árið 1938.

Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur að fullu 2 mánuðum eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiddir eru af útsvörum.

9. gr.

Nú er sýsluvegasjóðsgjald innheimt í hreppi, og má þá samanlagt sýsluvegasjóðsgjald og fasteignaskattur til sveitarsjóðs eigi fara yfir hámark það, er í 1. gr. segir.

## II. KAFLI

## Um jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga.

## 10. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist jöfnunarsjóður bæjar- og sveitarfélaga.

Ríkissjóður greiðir árlega 700 þúsund krónur til sjóðs þessa af tekjum þeim, sem innheimtar eru samkvæmt lögum nr. 128 31. des. 1935 og síðari breytingum á þeim lögum.

Gjalddagar á tillagi ríkissjóðs eru 1. júlí og 1. október ár hvert.

Fé jöfnunarsjóðs skal geymt og ávaxtað í tryggri lánsstofnun.

## 11. gr.

Hlutverk jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga er:

1. Að jafna framfærslukostnað samkvæmt VIII. kafla framfærslulaga, nr. 135 31. des. 1935, þó þannig, að hámark það, er getur í 73. gr. nefndra laga, fellur niður á meðan þessi kafli laganna er í gildi.
2. Að jafna kostnað bæjar- og sveitarfélaga af elli- og örorkutryggingum og kennaralaunum.

## 12. gr.

Árlega skal verja tekjum jöfnunarsjóðs til jöfnunar milli bæjar- og sveitarfélaga vegna kostnaðar þeirra af fátækraframfærslu og elli- og örorkutryggingum og kennaralaunum, og gilda um þá jöfnun ákvæði VIII. kafla framfærslulaga, nr. 135 31. des. 1935.

Því af tekjum jöfnunarsjóðs, sem ekki verður árlega varið til jöfnunar samkvæmt framansögðu, skal skipt jafnt milli bæjar- og sveitarfélaga í réttu hlutfalli við samanlagðan árlegan kostnað þeirra af fátækraframfærslu og elli- og örorkutryggingum og kennaralaunum.

Ef um smávægilegar eftirstöðvar er að ræða í þessu skyni, er ráðherra heimilt að ákveða, að þær skuli geymdar til næsta árs.

## 13. gr.

Atvinnumálaráðherra hefir á hendi yfirstjórn sjóðsins og sér um, að i hann sé greitt á réttum gjalddögum fé það, er sjóðnum ber.

## 14. gr.

Árlega skal semja reikning jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga, og skal hann endurskoðaður af yfirskoðunarmönnum landsreikninganna.

## 15. gr.

Nánari ákvæði um starfrækslu jöfnunarsjóðs setur atvinnumálaráðherra með reglugerð.

Kostnaður við starfrækslu sjóðsins greiðist úr honum sjálfum.

## III. KAFLI

## Um eftirlit með bæjar- og sveitarfélögum.

## 16. gr.

Heimilt er atvinnumálaráðherra að skipa eftirlitsmann sveitarstjórnarmálefna, og ikveður hann þá laun hans, er greiðast úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga.

## 17. gr.

Eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna hefir á hendi söfnun allra skýrslna, er

annara þeirra skýrslna og upplýsinga, er nauðsynlegar eru til þess að rétt yfirlit fáiast um þessi atriði og um fjárhag þeirra.

## 18. gr.

Eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna er jafnframt forstjóri jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga og hefir á hendi öll dagleg störf og afgreiðslu sjóðsins. Hann annast skiptingu framfærslufjár og annara greiðslna úr jöfnunarsjóði til bæjar- og sveitarfélaga.

## 19. gr.

Þegar lokið er skiptingu á fé jöfnunarsjóðs, skal leggja skýrslu um skiptinguna fyrir atvinnumálaráðherra, og er hún hefir hlotið samþykki ráðherra, er forstöðumanni sjóðsins heimilt að ávísa greiðslum til bæjar- og sveitarfélaga samkvæmt henni.

## 20. gr.

Nú er bæjar- eða sveitarfélag, sem greiðslu á að fá úr jöfnunarsjóði, í vanskilum gagnvart ríkissjóði eða ríkisstofnunum, eða stendur ekki í skilum með lán, sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir, og er eftirlitsmanni þá skylt að halda eftir greiðslunni úr jöfnunarsjóði og verja fénu til greiðslu á þeim skuldbindingum bæjar- eða sveitarfélagsins, sem í vanskilum eru, að því leyti sem þörf er á eða greiðslan til hrekkur.

## 21. gr.

Eftirlitsmanni sveitarstjórnarmálefna er skylt að safna upplýsingum um fjárhag allra bæjar-, sýslu- og sveitarfélaga landsins, svo fyrir liggja á hverjum tíma svo glögg vitneskja sem auðið er um fjárhag sveitarfélaga landsins. Honum er og skylt að veita þeim þá aðstoð og ráðleggingar, er hann getur þeim í té látið, á því sviði, er snertir fjárhagsmál þeirra, og leiðbeina þeim um framfærslumál og önnur mikilsverð málefni, er til hans er leitað með.

## 22. gr.

Nú þarf sveitarfélag á sérstakri hjálp að halda fram yfir það, er í II. kafla getur, og getur ráðherra þá ákveðið, að sveitarfélagið skuli háð sérstakri umsjón eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna og sett, að fengnum tillögum hans, sérstakar reglur um meðferð málefna þess, er gildi tiltekinn tíma, þó eigi lengur en 1 ár í senn, og má þar ákveða, að ekkert megi greiða úr bæjar- eða sveitarsjóði nema með samþykki eftirlitsmanns eða umboðsmanns hans á staðnum.

## 23. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt að fela eftirlitsmanni sveitarstjórnarmálefna að hafa með höndum skiptingu og úthlutun á fé því, sem árlega er veitt í fjárlögum til atvinnubóta, eftir nánari reglum, sem ráðherra setur þar að lútandi.

## 24. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1938.

## IV. KAFLI

## Niðurlagsákvæði.

## 25. gr.

Skatta og gjöld samkvæmt lögum þessum, þar með taldir dráttarvextir, má taka lögtaki.

## 26. gr.

Frá 1. janúar 1939 falla úr gildi þessi lagaákvæði:

1. Lög nr. 26 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn Vestmannaeyja, 20. gr. 3. mgr.

2. Lög nr. 61 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 16. gr.
3. Lög nr. 16 27. júní 1921, um breyting á lögum 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri.
4. Lög nr. 22 19. júní 1922, um skatt til sveitarsjóðs af lóðum og lendum í Húsvíkurbreppi.
5. Lög nr. 36 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík, að því leyti sem þau eru ekki áður úr gildi felld.
6. Lög nr. 23 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.
7. Lög nr. 31 15. júní 1926, um skatt af lóðum og húsum í Siglufjarðarkaupstað.
8. Lög nr. 44 15. júní 1926, um breytingar á lögum nr. 36 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík.
9. Lög nr. 11 6. júlí 1931, um skatt af húseignum í Neskaupstað.
10. Lög nr. 124 31. des. 1935, um bæjargjöld á Ísafirði.  
Svo og öll önnur lagafyrirmæli, er fara í bága við þessi lög.

#### Bráðabirgðaákvæði.

Að svo miklu leyti sem tekjur jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga hrökkva til þess, skal framkvæma á árinu 1938 fulla jöfnun framfærslukostnaðar fyrir árin 1936 og 1937, áður en framkvæmd verður jöfnun fyrir framlög til elli- og örorkuþrygginga og kennaralauna, og eigi heldur framkvæmd skipting eftirstöðva í sjóðnum, þó einhverjar verði, fyrr en fullri jöfnun er lokið fyrir bæði árin 1936 og 1937.

#### Greinargerð.

Það hefir verið almennt viðurkennt á undanförunum þingum, að nauðsyn bæri til að sjá bæjar- og sveitarfélögum fyrir fleiri tekjustofnum og meiri tekjum en þau nú hafa, þó samkomulag hafi ekki náðst um lausn þeirra mála.

Með þessu frv. eru bornar fram till. um lausn málsins, sem helzt virðist geta orðið samkomulag um, að ná fram að ganga og muni aflétta verstu vandræðunum í þessu efni.

Í fyrsta lagi eru í frv. teknar upp tillögur millipinganevndar, sem skipuð var í þetta mál árið 1936, um fasteignaskatt. Eru þær tillögur óbreyttar að öðru en því, að fasteignaskatturinn er ekki neinsstaðar lögboðinn samkv. frv., heldur aðeins heimilaður. Þykir þá ekki heldur ástæða til að ákveða lágmark skattsins, né heldur að hafa sérákvæði fyrir sveitir, þar sem sveitarfélög geta hagað þessu eftir vild og þörfum. Að öðru leyti nægir að vísa um þetta efni til greinargerðar, er fylgdi frv. millipinganevndar frá 1936 (Alþt. 1936, A. þskj. 33).

Í öðru lagi er hér lagt til, að af tekjum þeim, sem innheimtar verða samkv. lögum nr. 128 31. des. 1935 og síðari breytingum á þeim lögum, renni 700 þús. kr. í jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga, er sé varið til styrktar þeim bæjar- og sveitarfélögum, sem þungstar byrðar bera vegna fátækraframfærslu, elli- og örorkuþrygginga og kennaralauna. Eru þetta þau gjöld, sem bæjar- og sveitarfélögin hafa sízt á valdi sínu að takmarka, jafnvel þó þau séu í fjárþröng. Upphæð sú, sem til þessa er ætluð samkv. frv., er að vísu ekki há, og nokkrum hluta hennar ætlað að koma í stað þess, sem ríkissjóður ver nú til fátækrajöfnunar, en þar eð fé þetta kemur fyrst og fremst þeim bæjar- og sveitarfélögum til góða, sem verst eru stæð, ætti þessi ráðstöfun þó að geta komið að miklum notum.

Þá er í frv. gert ráð fyrir því, að komið verði á eftirliti með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna. Virðist sjálfsagt, að það fylgist að, að þegar ríkisvaldið veitir beinlínis fé til styrktar bæjar- og sveitarfélögum, þá hafi það einnig nokkurt eftirlit með því, hvernig fénu sé varið. Rétt virðist og, að þau bæjar- eða sveitarfélög, sem komast í greiðsluþrot eða eru í vanskilum gagnvart ríkinu, séu háð sérstöku eftirliti og verði að lúta fyrirmælum ríkisvaldsins um fjárstjórn sína.

Að öðru leyti þykir nægja að vísa til greinargerðar þeirrar, er fylgdi frv. milli-



Þinganefndar 1936 (Alþt. 1936, A. þskj. 33) og frv. Bernharðs Stefánssonar og Jónasar Guðmundssonar á síðasta þingi (þskj. 81 og 112).

Fr. þetta er flutt í samráði við atvinnumálaráðherra og fyrir hans hönd, og því ekki önnur ákvæði í því en þau, sem hann gat fallizt á. Hinsvegar áskilur annar af flutningsmönnum (BSt) sér rétt til að bera síðar fram brtt. við frv. eða vera með brtt., sem fram kunna að koma.

Við látum fylgja skýrslu yfir útreikning á jöfnunarfé fyrir kaupstaði og kauptún, þ. e. þau sveitarfélög, sem eru í 1. jöfnunarflokki, er sýnir, hvernig skiptingin verður í þessum flokki þegar lögð er til grundvallar framfærslan 1936, en það er fyrsta árið eftir að framfærslulögin nýju öðluðust gildi.

Útreikningi í 2. jöfnunarflokki er enn ekki lokið, og því ekki hægt að birta hann nú.

### Fylgiskjal.

#### Skýrsla um útreikning og skiptingu framfærslujöfnunarfjár í I. jöfnunarflokki fyrir árið 1936.

	Mannfjöldi 18--60 ára	Skatt- skyldar tekjur	Skuldlausar eignir	Fasteigna- mat	Meðal fátækra- byrði	Meðal fátækra- byrði - 10 %	Fátækra- byrði arsins	Tillag úr ríkisjóði
		kr.	kr.	hdr.	kr.	kr.	kr.	kr.
<b>Reykjavík</b> .....	20335	24449350	62430500	899354	1967924	1771132	1856822	„
<b>Aðrir kaupstaðir</b>								
Hafnarfjörður .....	2035	1190500	4172600	88517	145717	131145	199285	45426
Ísafjörður .....	1575	864100	2187500	59548	102357	92121	158828	44471
Siglufjörður .....	1415	602200	2768200	84975	101198	91078	99594	5677
Akureyri .....	2436	1677700	7673500	114975	199931	179938	203125	15458
Seyðisfjörður .....	472	188350	776400	25460	31616	28454	31074	1747
Neskaupstaður .....	590	159300	820800	16360	31244	28120	51425	15537
Vestmannaeyjar .....	1767	1146400	4571900	89590	139414	125473	107409	„
Samtals	10290	5828550	22970900	479425	751477	676329	850740	128316
<b>Kauptún með yfir 500 íb.</b>								
Keflavíkur hreppur .....	644	254500	931700	21262	37945	34150	32956	„
Ytri-Akranes .....	821	320400	1190500	24546	47422	42680	40557	„
Borgarnes .....	311	107100	432300	8655	17203	15483	1341	„
Stykkishólms .....	294	94900	312500	8655	15694	14125	20016	3927
Patreks .....	330	174950	308700	6893	18608	16747	2685	„
Hóls .....	377	75650	241300	8584	16986	15287	29227	9293
Sauðárkróks .....	451	60550	572200	9552	20693	18624	30384	7840
Ólafsfjarðar .....	430	23700	402000	8044	17530	15777	9706	„
Húsavíkur .....	489	80650	427900	14839	23325	20993	36394	10267
Eskifjarðar .....	383	49550	223100	9325	16478	14830	45514	20456
Búða .....	294	40750	185700	9058	13435	12091	16286	2797
Eyrarbakka .....	277	104950	370600	6934	15290	13761	7383	„
Samtals	5101	1387650	5598500	136347	260608	234548	272449	54580
Kaupstaðir og kauptún alls	35726	31665550	90999900	1515126	2980010	2682009	2980011	182896

**Nd.**

## 149. Breytingartillögur

við frv. til laga um váttryggingarfélög fyrir vélbáta.

I. Frá *sjávarútvegsnefnd*.

- Við 8. gr. Aftan við 6. málsg. bætist: nema veðhafa í váttryggðu skipi.
- Við 31. gr. Síðari máls. 4. málsg. falli burt.

II. Frá *Sigurði Hliðar og Sigurði Kristjánssyni*.

Við 2. gr. Aftan við 1. málsg. bætist: Heimilt er þó þeim bátaábyrgðar-félögum, sem starfandi eru, þegar lög þessi öðlast gildi, að halda þeim um-dæmistakmörkum, sem þau nú hafa, ef þau óska þess.

**Ed.**

## 150. Tillaga til þingsályktunar

um byggingu stýrimanna- og vélfræðiskóla í Reykjavík.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson, Jóhann Jósefsson.

Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og hrinda í framkvæmd á næsta ári byggingu nýs skólahúss, er veiti nægilegt húsrúm til kennslu fyrir nemendur í siglingafræði, vélfræði, rafmagnsfræði, loftskýtafræði og mat-reiðslu fyrir sjómenn. Bygging þessi fullnægi nútímakröfum, sem gerðar eru til samskonar skóla í nálægum löndum, og að öðru leyti samkvæmt fyllstu reglum, sem gerðar eru um nýbyggða skóla innanlands.

### Greinargerð.

Stýrimannaskólinn er á næsta ári 40 ára gamall. Húsið er byggt úr timbri og hefir frá upphafi vega verið álitnið timburhjallur, sem með aldrinum hefir mjög hrörnað, þrátt fyrir dýrt og mikið viðhald. Á síðari árum hefir húsið verið notað til kennslu handa vélfræðinemum ásamt stýrimannaefnum. Hver herbergiskytra hefir því verið notuð fyrir skólastofu. Skólastofa farmannaefna hefir síðari árin verið í þröngu þakherbergi. Nú eru þrengslin í skólanum orðin svo mikil, að líkur eru til, að rýma verði vélskólanum hurtu úr húsinu á næsta vori, og því sýnt, að leigja verður fyrir hann nýtt húsnæði. Sökum óviðunandi húsnæðis og þrengsla er það því krafa þeirra manna, sem hafa áhuga fyrir framtíðarmenntun íslensku sjómanna-stéttarinnar, að nýtt hús verði byggt eftir nútíma kröfum, þar sem að nemendum sé ekki lakar búið en öðrum æskumönnum, er búa sig undir lífið með námi í öðrum skólum. Sjómannastéttin lítur svo á, að starf hennar og strit í þágu þjóðfélagsins sé svo mikill og virkur þáttur í fjárhagslegri afkomu þess, að ekki sé vansalaust að búa lakar að henni en öðrum stéttum, þegar um menntun hennar er að ræða og undirbúning undir starf hennar. Núverandi ástand um aðbúð nemenda í siglinga-fræði og vélfræði er orðið óviðunandi, og hrein vöntun á húsnæði fyrir ýmsar starfsgreinar, svo sem loftskýtanema og matreiðslumenn. Meðal nágrannaþjóða okkar hafa á seinni árum verið gerðar merkilegar umbætur með byggingu nýrra skólahúsa, með fullkomnustu tækjum fyrir allar starfsgreinar, sem sérþekkingu þurfa að hafa í starfi sínu á sjónum, bæði hvað bóklega menntun snertir og verk-lega tækni. Bót á þessu fæst ekki ráðin hjá okkur nema með byggingu nýs skóla-húss, þar sem skilyrði eru fyrir hendi að kenna það, sem kenna þarf, og við á þann hátt getum staðið nokkurnveginn jafnfætis nágrannaþjóðum okkar um menntun farmanna- og fiskimannastéttarinnar í framtíðinni.

**Nd.**

## **151. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingar á lögum nr. 125 31. des. 1935 [Útflutningsgjald af síld o. fl.].

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er sammála um það, að leggja til, að frumvarpið verði samþykkt.

Sigurður Kristjánsson áskilur sér rétt til að flytja breytingartillögu við frumvarpið.

Alþingi, 17. nóv. 1937.

Finnur Jónsson,	Gísli Guðmundsson,	Sigurður Kristjánsson,
form.	fundaskr.	frsm.
	Sig. Ein. Hlíðar.	Bergur Jónsson.

**Nd.**

## **152. Frumvarp til laga**

um verðlag á almennum nauðsynjavörum.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Vilmundur Jónsson, Bergur Jónsson.

### **1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að útsöluverð og/eða verzlunarálagning í heildsölu og smásölu á tilteknum vörutegundum megi ekki vera hærri en verðlagsnefnd ákveður. Heimild þessi nær þó ekki til þeirra vörutegunda, sem verðlagðar eru samkvæmt sérstökum lögum.

### **2. gr.**

Verðlagsnefnd skal skipuð 5 mönnum: 1 tilnefndum af Alþýðusambandi Íslands, 1 af Landssambandi iðnaðarmanna, 1 af Sambandi isl. samvinnufélaga, 1 af Verzlunarráði Íslands og 1 skipuðum af ríkisstjórninni án tilnefningar, og sé hann formaður nefndarinnar. Ef einhver þeirra aðilja, sem ætlað er að tilnefna mann í nefndina, notar ekki rétt sinn til þess, skipar ráðherra menn í nefndina í þeirra stað.

### **3. gr.**

Hlutverk verðlagsnefndar er að ákveða hámarksverð eða hámarksálagningu, eftir því hvort hentara þykir, í heildsölu og smásölu á þeim vörum samkv. 1. gr., sem ríkisstjórnin hefir á hverjum tíma ákveðið, að störf nefndarinnar skuli taka til. — Skal ríkisstjórnin, þegar lög þessi koma til framkvæmda, gefa út auglýsingu um þær vörutegundir, eða vöruflokka, sem hún ætlast til, að verðlagsákvæði verði sett um, og á sama hátt auglýsa, ef nýjum vörutegundum verður bætt við síðar. Ef um hámarksálagningu er að ræða, skal hún takmörkuð við ákveðinn hundradshluta af kostnaðarverði vörunnar, kominnar á sölustað. Heimilt skal nefndinni, ef henni þykir ástæða til, að skipta landinu í verðlagssvæði.

### **4. gr.**

Nefndin hefir vald til þess að heimta innan tiltekins tíma upplýsingar bæði frá opinberum stofnunum, embættis- og sýslunarmönnum, svo og einstökum mönnum og fyrirtækjum um innkaupsverð, útsöluverð og framleiðslukostnað og dreifingarkostnað á vörum, svo og hverjar þær upplýsingar, er hún telur nauðsynlegar til þess að byggja ákvarðanir sínar á.

#### 5. gr.

Allar ákvarðarnir sínar um hámarksverð eða hámarksálagningu skal verðlagsnefndin þegar í stað tilkynna ráðherra, er tilkynnir þær lögreglustjórum, sem síðan annast um, að þær verði birtar almenningi. Skulu ákvarðanir nefndarinnar koma í gildi jafnskjótt og þær eru birtar á hverjum stað og gilda þar til öðruvísi verður ákveðið.

#### 6. gr.

Nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara og störf verðlagsnefndar setur ríkisstjórnin með reglugerð. Kostnaður við framkvæmd laganna, þar á meðal þóknun til verðlagsnefndar fyrir störf hennar, sem ráðherra ákveður, greiðist úr ríkissjóði.

#### 7. gr.

Nú telur einhver, að verðlag á vöru fari í bága við verðlagsákvæði, sem sett hafa verið samkvæmt lögum þessum, og er honum þá rétt að snúa sér til viðkomandi lögreglustjóra og óska rannsóknar á málinu. Telji lögreglustjóri kærana nægilega rökstudda, skal hann svo fljótt sem kostur er á taka málið til rannsóknar, og er málsaðiljum skylt að gefa allar þær upplýsingar og leggja fram þau gögn, sem lögreglustjóri telur máli skipta. Á sama hátt getur nefndin, hvenær sem hún telur ástæðu til, óskað rannsóknar, og skal þá lögreglustjóri tafarlaust taka málið til rannsóknar.

#### 8. gr.

Meðlimum verðlagsnefndar og starfsmönnum hennar er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, sem þeir verða áskynja um eftir skýrslum þeim, sem um getur í 4. gr., að því leyti sem þær varða einstaka menn og einstök fyrirtæki.

#### 9. gr.

Sá, sem vanrækir skyldur þær, sem um ræðir í 4. gr., skal sæta 10 til 100 kr. dagsektum unz skyldunni er fullnægt.

Sá, sem gefur ranga skýrslu til verðlagsnefndar, skal sæta refsingu samkvæmt 156. gr. almennra hegningarlaga frá 1869.

Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara, reglugerða, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, svo og brot gegn verðlagsákvæðum, sem sett verða samkvæmt lögum, varða allt að 10000 króna sektum. Ennfremur er upptækur sá ágóði, sem fæst við brot á lögum þessum, eða verðlagsákvæðum, sem sett hafa verið samkvæmt þeim.

#### 10. gr.

Mál út af brotum á ákvæðum 8. gr. og 2. mgr. 9. gr. laga þessara skulu sæta meðferð sakamála. Með mál, sem rís út af öðrum brotum gegn lögum þessum, reglugerðum eða verðlagsákvæðum, settum samkvæmt þeim, skal fara að hætti almennra lögreglumála.

#### 11. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 10 frá 1915 og lög nr. 7 frá 1917, svo og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

#### 12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Frumvarp þetta er að mestu samhljóða frv., sem flutt var á síðasta þingi að tilhlutun atvinnumálaráðherra. Fylgdu því þá svo hljóðandi athugasemdir:

„Á síðastliðnu hausti skipaði atvinnumálaráðherra þriggja manna nefnd til

Þess að athuga og gera samanburð á verðlagi á oliu, kolum og salti og öðrum nauðsynjum útgerðarinnar hér á landi og í nágrannalöndunum. Ennfremur hefir atvinnuáráðherra látið gera nokkrar athuganir á verðlagi á ýmsum öðrum vörum. Við þessar athuganir hefir það komið í ljós, að álagning á einstakar vörutegundir, einkum þær, sem mjög er takmarkaður innflutningur á, er stórum hærrí en eðlilegt getur talizt, og má telja mjög líklegt, að meiri brögð séu að þessu en vitað er með vissu. Einnig hefir þótt nokkuð þera á því, að sumar vörutegundir, sem nú eru að nokkru eða miklu leyti framleiddar innanlands, séu seldar óeðlilega háu verði. Verður að telja sjálfsagt, að girt sé fyrir það, að einstaklingar eða fyrirtæki geti, í skjóli nauðsynlegra innflutningstakmarkana og gjaldeyrisskömmunar, skapað sér óeðlilegan ábata og skattlagt þannig þá, sem vöruna kaupa.

Að sjálfsögðu er til þess ætlazt, að ákvæðum þessa frumvarps sé fyrst og fremst beitt gegn óeðlilegri verðhækkun á nauðsynjavörum almennings, svo og nauðsynlegum vörum við framleiðslu landsmanna.“

Frv. er nú aftur flutt fyrir tilmæli atvinnuáráðherra.

**Nd.**

### **153. Breytingartillaga**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 125 31. des. 1935 [Útflutningsgjald af sild o. fl.].

Frá Sigurði Kristjánssyni.

Við 1. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:

Á sama hátt má endurgreiða innflutningstoll af sykri, sem notaður er til sykursöltunar á þorski og þorskhrögnum (gotu), og af efnum, sem notuð eru til verkunar grásleppuhrogna til útflutnings. Sá, sem fá vill tollinn endurgreiddan, skal sanna með vottorði fiskimatsmanns, um hve mikið magn þessara efna er að ræða.

**Nd.**

### **154. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Flm.: Sveinbjörn Högnason, Jörundur Brynjólfsson, Bjarni Ásgeirsson, Helgi Jónasson, Bjarni Bjarnason, Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

2. gr. laganna skal orða svo:

Í öllum þeim kaupstöðum og kauptúnum, þar sem fram getur farið dagleg sala á mjólk og rjóma frá mjólkurbúum, sem viðurkennd verða til þess af landbúnaðarráðherra, skal gjald, er nefnist verðjöfnunargjald, lagt á alla neyzlumjólk og rjóma frá mjólkurbúum, félögum eða einstökum mönnum.

Gjald þetta ákveðst fyrirfram af mjólkursölunefnd, og má breyta því svo oft sem þurfa þykir.

Tekjuafgangur mjólkurbús eða mjólkursamsölu á sölusvæðinu skal renna í verðjöfnunarsjóð, eftir að nauðsynlegar afskriftir hafa farið fram og aðrar greiðslur, er stjórnin telur nauðsynlegt að inna af hendi, enda hafi það þá áhrif á ákvörðun verðjöfnunargjaldsins.

Verðjöfnunargjaldið skal vera til verðuppbótar á þá mjólk, sem notuð er til vinnslu í viðurkenndum mjólkurbúum, sem starfa á verðjöfnunarsvæðinu, og sliki verðjöfnun jafnan, eftir því sem við verður komið, miðuð við það, að allir mjólkurframleiðendur á verðjöfnunarsvæðinu fái sama verð fyrir mjólk sína komna á sölu-

stað verðjöfnunarsvæðisins (sbr. þó 13. gr. . Þeir, sem ekki senda mjólk sína á sölu-  
stað, heldur í mjólkurbú til vinnslu, skulu þó fá þeim mun minna verð fyrir mjólk  
sína, er svarar til flutningskostnaðar hennar frá því bú til sölustaðar, enda sé þá  
flutningskostnaður vinnsluvaranna til sölustaðar innifalinn í stöðvargjaldi búsin.  
Stöðvarkostnaður allur, þar í talinn vinnslukostnaður hvernar tegundar, skal tal-  
inn jafn hjá öllum framleiðendum, en slíkan kostnað ákveður mjólkursölunefnd,  
eftir því sem hún telur hæfilegt, að fengnum skýrslum um slíkan starfrækslukostnað  
mjólkurbús eða mjólkurbúa á verðjöfnunarsvæðinu.

Undanþegin verðjöfnunargjaldi (sbr. þó 5. gr.) er mjólk, sem framleidd er á  
ræktuðu landi innan sama kaupstaðar eða kaupsins, sem hún er seld í. Undan-  
þágan gildir fyrir eina kú fyrir hvern fullræktaðan hektara af túni og hlutfalls-  
lega fyrir brot úr hektara, sem framleiðandi notar til fóðurframleiðslu innan kaup-  
staðarins eða kaupsins.

Fyrir það mjólkurmagn, sem framleiðendur á sölusvæðinu geta tryggt til sölu  
og selja allt árið jafnt, skal þeim greiddur 1 eyrir umfram jöfnunarverð til fram-  
leiðenda. Greiðist uppbót þessi úr verðjöfnunarsjóði eftir á um áramót.

#### 2. gr.

3. másl. 3. gr. laganna („Verðjöfnunargjaldið skal vera ... á verðjöfnunar-  
svæðinu“) fellur niður.

#### 3. gr.

Aftan við orðin í 5. gr. laganna: „... 3000 litra ársnyt úr hverri kú“ bætist nýr  
másl., svo hljóðandi: Heimilt er þó hverjum framleiðanda, sem undanþágu þess-  
rar nýtur, að undanskilja til heimilisþarfa  $\frac{1}{2}$  litra á dag á hvern heimilismanna.

#### 4. gr.

2. og 3. málsgr. 15. gr. laganna falli niður, en í stað þeirra komi svo hljóðandi  
málsgr.:

Ef mjólk, rjómi eða skyr er flutt inn á sölusvæði einhvers verðjöfnunarsvæðis  
af öðrum en þeim, sem sérleyfi hafa þar til sölu á þeim, eða ef þær finnast í bát-  
um, skipum, bifreiðum eða öðrum flutningatækjum, svo nærri sölusvæði eða á leið  
til sölusvæðis, að telja má sannað, að átt hefir að flytja vörurnar inn á svæðið í  
heimildarleysi, þá skulu vörur þessar gerðar upptækar, og sá, er flutninginn anu-  
ast, eða aðrir, sem meðsekir reynast, skulu sæta sektum samkvæmt ákvæðum 1.  
málsgr. þessarar greinar.

Andvirði upptækrar vöru rennur í verðjöfnunarsjóð þess verðjöfnunarsvæðis,  
sem brotið er framið á.

### Greinargerð.

Frv. í höfuðatriðum samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi að tilhlutun land-  
búnaðarráðherra, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Þegar mjólkurlögin voru upphaflega sett fyrir 2 og  $2\frac{1}{2}$  ári síðan, var talið,  
eftir því sem næst varð komið, að öll mjólkurframleiðsla til sölu, er kom til mjólk-  
urbúanna austan og vestan heiðar, mundi nema ca. 6,4 millj. lítrum. Var þá sölu-  
mjólk 3,4 millj. lítrar og vinnslumjólk 3 millj. lítrar.

Við þetta ástand og þessi söluhlutföll mjólkurframleiðslunnar á þessu svæði  
voru verðjöfnunarákvæði laganna upphaflega að mestu miðuð. Var þá talið, að 8%  
verðjöfnunargjald myndi nægja til að framkvæma fulla verðjöfnun meðal fram-  
leiðenda með hagkvæmari verkaskiptingu milli allra mjólkurbúanna.

Á þessu er nú orðin sú breyting, sem fáa óraði fyrir, að kæmi svo fljótt sem  
raun er á orðin, að hjá mjólkurbúunum á svæðinu hefir mjólkurframleiðslan auk-  
ið um 83%, eða er nú 11,7 millj. lítrar, í stað 6,4 millj. lítra 1933. Aukningin hjá  
mjólkurbúunum er því orðin 5,3 millj. á þessum árum. Þess skal getið, að hvorki

nú né 1933 er talin með sú mjólk, sem seld er á svæðinu utan samtaka mjólkurbúanna. Til samanburðar má geta þess, að hjá Norðmönnum, sem settu sér mjólkurlög 1930, hefir mjólkuraukning austanfjalls þar orðið ca. 27% á þeim 6 árum, sem síðan eru liðin, og er það talið gífurlega mikið þar. Þegar þess er nú gætt jafnframt, að langmestur hluti þessarar aukningar hjá oss fer í verðminnstu vinnsluvörurnar, eins og t. d. ost til útflutnings, gefur það að skilja, að verðjöfnunargjaldið, sem miðað var við að gæti jafnað verð á 3 millj. lítra, sem færi í vinnsluvörur, hrekkur skammt, þegar þetta er orðið eins og nú er, 6,7 millj. lítrar, og aukningin fer mest-öll í verðminni vörur en vinnsluvörur þær, sem upphaflega þurfti að verðuppbæta.

Eftirfarandi yfirlit um greiðslur og tekjur verðjöfnunarsjóðs á árinu 1936 sýna þetta þá líka ljósast:

Kröfur til verðuppbóta á árinu 1936:

1. vegna vinnslu á mjólkurvörum .....	kr. 280682.87
2. vegna útflutnings á ostum .....	— 107805.36
	<u>kr. 388488.23</u>

Tekjur verðjöfnunarsjóðs á árinu 1936 hafa numið kr. 183596.96

Af þessu hafa verið greiddar eftirstöðvar verð- uppbóta fyrir árið 1935 .....	— 52436.48	<u>— 131160.48</u>
--	------------	--------------------

Á vantar .....

Á þessu sést, að mjólkuraukningin fer strax á fyrsta ári fullkomins skipulags samkvæmt lögunum langt fram úr því, sem gert hefir verið ráð fyrir, og það svo, að enda þótt sölustjórnin ákvæði í upphafi, að 2 aurum skyldi greiða lægra fyrir vinnslumjólk búanna á sölustað en neytlumjólk, vantar þó 52 þús. kr. á, að hægt sé að framkvæma þessa verðjöfnun. En það samsvarar ca. 1 eyr. á alla vinnslumjólkina. Er hún þá orðin 3 aurum lægri á sölustað en neytlumjólkina. Þessi mismunur fer vitanlega vaxandi með auknu mjólkurmagni, og má bezt gera sér grein fyrir því með einföldu yfirliti um mjólkurmagn og kröfur til verðjöfnunar ár hvert:

Mjólkurmagnið 1935 .....	9,9 millj. lítrar
Neytlumjólk .....	4,8 — —
Vinnslumjólk .....	5,1 — —
	<u>9,9 millj. lítrar</u>

Verðjöfnunarsjóður:

Tekjur .....	185 þús. kr.
Kröfur .....	238 — —

og vantar þá ca. 1 eyri á hvern lítra vinnslumjólkur til að ná þessari verðjöfnun, eins og fyrr segir, eða 52 þús. kr.

Mjólkurmagn 1936 .....	11,7 millj. lítrar
Neytlumjólk .....	5 — —
Vinnslumjólk .....	6,7 — —
	<u>11,7 millj. lítrar</u>

Verðjöfnunarsjóður:

Tekjur .....	183 þús. kr.
Kröfur .....	440 — —

(Þar með taldar 52 þús. kr. eftirst. frá f. ári.)

og vantar þá 257 þús. kr., eða nálega 4 aura á hvern lítra vinnslumjólkurinnar, og er þá bilið á sölustað orðið í stað 2 aurar, eins og áætlað var, sem næst 6 aurar.

Með því að ekki verður annað séð en að aukinn aðflutningur að mjólkurbúunum sé enn fram undan, fer bil þetta vitanlega vaxandi, ef við svo búið er látið standa.

Er því bersýnilegt, að þau mjólkurbúin, sem hafa vinnsluvörurnar á markaðinum, siga niður ár frá ári í verði, meðan hin, sem hafa neytlumjólkina, standa í stað með sitt verð. Þetta hlýtur að leiða til þess, að verkaskiptingin verður að hætta og takast upp skipting á markaðinum, sem tryggir öllum sama verð, ef lögin veita ekki heimild til fullkomnari verðjöfnunar en verðjöfnunargjaldið eitt hrekkur til. Yrði slíkt vitanlega öllum framleiðendum óhagstæðara.

Í lögunum eins og þau eru nú er ekkert ákvæði um það, hversu langt verðjöfnun skuli framkvæmd milli hinna ýmsu framleiðenda, sem senda vörur sínar á markaðinn, og var til þess ætlað, að slíkt yrði samkomulagsatriði milli mjólkurbúanna sjálfra eða fulltrúa þeirra. En einmitt að þetta atriði var lagt í sjálfsvald þeirra, hefir máske meira en nokkuð annað orðið þess valdandi, að ósamkomulag og tortryggni hefir orðið mikil milli mjólkurbúanna við framkvæmd laganna, og hver viljað hafa sinn hlut sem mestan, eins og verða vill. Sé það hinsvegar sett inn í lögin, eins og hér er gert ráð fyrir, að öll mjólkurbúin skuli hafa sama verð, miðað við sölustað, er reiptog þetta útilokað, og allir hafa jafnan hag af því, að sölufyrirkomulagið haldist sem bezt. Sú hefir meðal annars orðið reynslan meðal Norðmanna, að samkomulag framleiðenda um söluna hefir mjög batnað síðan þeir tóku upp til fulls þetta ákvæði.

Rétt mun vera að benda á það, að enda þótt verðjöfnun milli mjólkurbúanna yrði þannig að fullu framkvæmd, að þau fengju jafnt verð fyrir vöru sína miðað við sölustað, þýðir það engan veginn, að allir framleiðendur fái sama verð fyrir mjólk sína. Þeir, sem næst eru sölustað, losna vitanlega við margvislegan kostnað móts við hina, er fjær búa, og fá því áfram hæsta verðið í sínar hendur. Þessu til skýringar má benda á, að árið 1935, þegar mismunur á sölustað varð raunverulega 3 aur. á lítra milli vinnslu- og neytlumjólkur, varð mismunurinn milli framleiðendanna miklu meiri. Þeir, sem þá seldu neytlumjólkina, sem voru þeir, er næst voru sölustað, meðlimir Mjólkurfélags Reykjavíkur o. fl., fengu þá 6,6 aur. hærra fyrir hvern lítra en meðlimir mjólkurbúanna, sem fjær eru, — sé tekið meðaltalið hjá þeim. Er þá miðað við, að flutningskostnaður hjá þeim, sem seldu neytlumjólkina, sé að meðaltali 1 eyrir, og vinnsluafföll voru, eftir því sem þeir gáfu upp, ½ eyrir á lítra.

Þó að full verðjöfnun miðað við sölustað hefði því verið framkvæmd á árinu 1935, hefðu bændur þeir, sem nær búa og forgangsrétt fengu þá til sölu neytlumjólkurinnar, samt fengið að meðaltali 3,6 aur. hærra verð fyrir hvern lítra en þeir, sem sendu mjólk sína til vinnslubúanna. Þetta kemur til af því, að auk flutningsins að mjólkurbúunum, sem allir framleiðendur hafa, verða fjarliggjandi mjólkurbúin auk þess að kosta flutning til sölustaðar. Auk þess er samkv. þessum ákvæðum til þess ætlað, að mjólkurbúin hvert um sig beri ábyrgð á rekstri sínum, og þá að jafnaði miðað við það búíð, sem minnstan hefir rekstrarkostnað. Það er því sjáanlegt, að hlutur þeirra, sem nær búa sölustað, verður ávallt betri, þrátt fyrir jöfnuð þann, sem hér er áformaður.

Með breytingu refsíákvæðanna er það ekki tilætlunin að gera þau strangari en ákvæði gildandi laga eru um þau efni, heldur einungis hitt, að skýra þau svo, að þau nái til þess verknaðar, sem þau áttu að gera. En raunin hefir orðið sú undanfarið, að ógerningur hefir reynzt með gildandi ákvæðum að hafa það eftirlit, sem þörf er á til að hindra brot á lögunum. Má slíkt vera ljóst, þar sem ekki hefir verið talið hægt að koma fram ábyrgð á hendur hinum seku, fyrri en þeir hafa að fullu selt og afhent hinar óleyfilegu vörur.



**Nd.**

## **155. Nefndarálit**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 1934, um kosningar til Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og fellst að öllu leyti á hugsun þess, sem er, að þegar frambjóðandi fellur frá og annar býður sig fram í hans stað með fulltingi meiri hl. meðmælenda hins látna frambjóðanda, falli utankjörfundaratkvæði, sem þegar hafa verið greidd hinum fyrri frambjóðanda, á hinn síðari, nema kjósandi hafi greitt atkv. að nýju. Hinsvegar eru bersýnilegir formgallar á frv., svo sem:

- 1) 1. gr. frv. er tengd við 32. gr. kosningalaganna, eins og hún eigi við hana í heild, þó að hún geti ekki átt við nema sum ákvæði hennar.
- 2) Sama frvgr. virðist gera ráð fyrir því, að kjósandi megi ekki endurtaka utankjörfundaratkvæðagreiðslu sína, nema hann fái sér áður afhent hið fyrra atkvæði sitt, en það getur verið óframkvæmanlegt fyrir það, að atkvæðið sé í fjarlægð, sem er jafnvel tíðara en hitt, auk þess sem þetta stangast við ákvæði kosningalaganna um að utankjörfundaratkvæði, sem geymd eru í innsigliðum atkvæðakassa, verði ekki afhent.
- 3) Ef þetta ákvæði á að ná tilgangi sínum, verður bersýnilega í þessu sambandi að gera undantekningar frá banni kosningalaganna við því, að kjósandi sendi frá sér fleiri utankjörfundaratkvæði en eitt við hinar sömu alþingiskosningar.
- 4) Á því stigi málsins, þegar um það er að ræða, hverjum frambjóðanda eigi að teljast utankjörfundaratkvæði, verður ekki séð, hvenær það atkvæði hefir verið greitt, og er hér auðsæ hugsunarvilla í frvgr.
- 5) Með því að setja öll nauðsynleg ákvæði þessu viðvikjandi í eina gr. kosningalaganna, ruglast hin kerfisbundna niðurskipun þeirra, sem á sínum tíma var reynt að vanda sem bezt, til hagræðis fyrir alla þá, sem þessi flóknu lög eiga að framkvæma, og miklu varðar um, að framkvæmd séu með nákvæmni.

Fyrir Alþingi 1936 lá frv. til laga um breyt. á 24. gr. kosningalaganna, af tilefni hæstaréttardóms, sem leitt hafði í ljós þann galla þeirrar greinar, að ef hreppsnefnd eða bæjarstjórn að liðnum kærufresti setur á kjörskrá menn, sem ekki eiga kosningarrétt, getur verið ógerningur að fá þá tekna út af kjörskrá aftur, og það þó að tvímælalaust sé, að á kjörskrá eigi þeir ekki að vera. Frv. þetta, sem miðar að því að bæta úr þessum ágalla, náði ágreiningslausu samþykki allsherjarnefndar neðri deildar, svo og neðri deildar Alþingis, en dagaði uppi í Ed. Þykir allsherjarnefnd sjálfsagt að nota nú tækifærið og leiðrétta kosningalögin einnig að þessu leyti.

Samkv. framansögðu leyfir allshn. sér að herá fram eftirfarandi

### **BREYTINGARTILLÖGUR.**

1. Framan við 1. gr. frv. bætist ný gr., er verði 1. gr., svo hljóðandi:

24. gr. laganna orðist svo:

Sá, sem er óánægður með úrskurð bæjarstjórnar eða hreppsnefndar út af kæru hans yfir kjörskrá, á kröfu til, að sér verði fengið eftirrit af úrskurðinum ókeypis, og getur hann sótt málið fyrir dómi. Á sama hátt getur sá, sem vegna fjarvistar eða af öðrum ástæðum hefir ekki átt kost á að koma fram með kæru út af kjörskrá áður en kærufrestur er liðinn, sótt málið fyrir dómi, hvort sem málið varðar hann sjálfan eða ekki. Máli út af þessu skal dómara skylt að hraða svo, að því verði lokið fyrir kjördag, ef unnt er. Réttargjöld skulu engin greidd fyrir undirrétti, og skal dómari skipa mann fyrir hönd þeirrar bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, sem stefnt er. Falli dómur þannig, að kjörskrá beri að breyta, skal fullnægja dóminum þegar er sækjandi málsins leggur fram eftirrit af honum, og frestar áfrýjun ekki fullnægingu dómsins.

2. Í stað 1. gr. frv. komi 6 greinar, svo hljóðandi:
- a. (2. gr.) Aftan við 43. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:  
Ef frambjóðandi hefir dáið og annar boðið sig fram í hans stað samkv. heimild og að fullnægðum skilyrðum 32. gr., skal hlutaðeigandi yfirkjörstjórn tafarlaust tilkynna það dómsmálaráðuneytinu, sem birtir framboðið í útvarp-  
inu og tilkynnir það öllum yfirkjörstjórnnum, svo og öllum hreppstjórn-  
sýslumönnum og bæjarfógetum (í Reykjavík lögmanni).
  - b. (3. gr.) Síðari málsg. 66. gr. laganna orðist svo:  
Enginn má við sömu alþingiskosningar senda frá sér nema einn kjörseðil.  
Þegar svo stendur á, að frambjóðandi hefir dáið og annar boðið sig fram í  
hans stað samkv. heimild og að fullnægðum skilyrðum 32. gr., má þó kjós-  
andi, sem þegar hefir greitt atkvæði utan kjörfundar, endurtaka kosninguna,  
og eins þó að hann eigi ekki kost á að heimta þá þegar aftur hið fyrra atkvæði  
sitt (sbr. 75. gr.), annaðhvort af því, að það sé í fjarlægð, eða varðveitt í inn-  
sigluðum atkvæðakassa.
  - c. (4. gr.) Aftan við 100 gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:  
Nú berast fleiri en eitt atkvæði greidd utan kjörfundar frá hinum sama  
kjósanda (sbr. 32. og 66. gr.), og skal þá aðeins hið síðast greidda atkvæði  
koma til greina.
  - d. (5. gr.) Aftan við 2. tölul. 110. gr. laganna bætist: (sbr. þó 112. gr.).
  - e. (6. gr.) Aftan við 112. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:  
Utankjörfundaratkvæði greitt látnum frambjóðanda skal, ef annar hefir  
boðið sig fram í hans stað samkv. heimild og að fullnægðum skilyrðum 32. gr.,  
teljast greitt hinum síðari frambjóðanda.
  - f. (7. gr.) Aftan við 11. tölul. 147. gr. laganna bætist: (sbr. þó 66. gr.).
3. 2. gr. frv. falli burt.  
4. 3. gr. frv. verði 8. gr.

Alþingi, 18. nóv. 1937.

Bergur Jónsson, form.	Vilm. Jónsson, fundaskr., frsm.	Gisli Guðmundsson.
Thor Thors.	Garðar Þorsteinsson.	

**Sþ.**

## 156. Fjáraukalög

fyrir árið 1936.

(Afgreidd frá Sþ. 18. nóv.).

Samhljóða þskj. 31.

**Nd.**

## 157. Frumvarp til laga

um afnám útflutningsgjalds af saltfiski.

Flm.: Finnur Jónsson, Bergur Jónsson.

1. gr.

Frá 1. jan. 1938 skal saltfiskur undanþeginn útflutningsgjaldi í rikissjóð, sem ákveðið er í lögum nr. 63 frá 28. jan. 1935.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir tilmælum ríkisstjórnarinnar, og eru ástæður fyrir frv. þær, að svo sem kunnugt er hafa saltfiskveiðarnar yfirleitt verið reknar með tapi undanfarin ár, vegna hins lága verðs á saltfiski og aflatregðu. Þykir því rétt að afnema gjald þetta. Tekjurýrnun sú, er ríkissjóður verður fyrir með samþykkt þessa frv., er, ef miðað er við útflutning síðustu tveggja ára, um 220 þús. kr., og er séð fyrir tekjum í staðinn með frv. um tekjuöflun samkv. samkomulagi milli núverandi stjórnarflokka.

### **Nd. 158. Breytingartillaga**

við frv. til l. um váttryggingarfélag fyrir vélbáta.

Frá Gísla Guðmundssyni og Sigurði Hlíðar.

Við 8. gr. 6. málsg. orðist svo: Eigi má fela utanfélagsmanni að fara með umboð félagsmanna á fundum, nema veðhafi sé í skipi, sem váttryggt er hjá félaginu.

### **Nd. 159. Breytingartillögur**

við frv. til l. um váttryggingarfélag fyrir vélbáta.

Flm.: Pétur Ottesen.

Á eftir VIII. kafla frv. komi: IX kafl. Bráðabirgðaákvæði.

1. Undanþegin skyldutryggingu samkvæmt lögum þessum eru um fimm ára skeið frá því er lög þessi öðlast gildi þau váttryggingarfélag fyrir vélbáta, sem nú eru starfandi í landinu, svo og þeir vélbátæigendur, er nú hafa váttryggt báta sína í innlendu váttryggingarfélagi, enda sendi aðili ósk um slíka undanþágu Fiskifélagi Íslands eigi síðar en 1. ágúst 1938.
2. Með sama hætti eru og eigendur opinna vélbáta undanþegnir skyldutryggingu á bátum sínum um jafnlangan tíma.

### **Nd. 160. Þingsályktun**

um rannsókn á undirstöðuatriðum nýrrar verðlagsskrár o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 19. nóv.).

Samhljóða þskj. 126.

### **Ed. 161. Frumvarp til laga**

um síldarverksmiðjur ríkisins.

Flm.: Jónas Jónsson, Magnús Guðmundsson, Bernharð Stefánsson, Einar Árnason.

1. gr.

Hver sá, er reisa vill eða stækka síldarverksmiðjur hér á landi, skal hafa til þess leyfi ríkisstjórnarinnar.

2. gr.

Ríkissjóður hefir að öðru jöfnu forkaupsrétt að sildarverksmiðjum þeim, sem nú eru í landinu eða síðar kunna að verða reistar.

3. gr.

Sildarverksmiðjur þær, sem ríkið nú á eða síðar kann að eignast, skulu reknar samkv. lögum þessum, sé eigi öðruvísi ákveðið.

4. gr.

Stjórn sildarverksmiðja ríkisins skal skipuð 5 mönnum, kosnum hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi til þriggja ára í senn. Stjórnin kys sér sjálf formann.

Yfirstjórn verksmiðjanna er í höndum verksmiðjustjórnar. Hefir hún aðsetur og varnarþing á Siglufirði, og skulu stjórnarnefndarmenn vera þar búsettir eða hafa þar fast aðsetur þann hluta ársins, sem verksmiðjurnar eru reknar. Atvinnumálaráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar og endurskoðenda.

Til þess að skuldbinda verksmiðjurnar þarf undirskrift þriggja stjórnarnefndarmanna.

Stjórn verksmiðjanna ræður framkvæmdarstjóra, er hefir á hendi daglega stjórn verksmiðjanna og umsjón með rekstrinum. Annast hann sölu afurðanna í samráði við stjórnina.

Framkvæmdarstjóri hefir prókúruumboð fyrir verksmiðjurnar og skuldbindur þær eftir reglum um prókúru, að svo miklu leyti sem öðruvísi er eigi ákveðið.

Stjórn verksmiðjanna ákveður með erindisbréfi starfsvið framkvæmdarstjóra og laun.

5. gr.

Endurskoðendur verksmiðjanna séu þrír, skipaðir af atvinnumálaráðherra, eftir tilnefningu þriggja stærstu þingflokkanna, til eins árs í senn.

6. gr.

Ekki er verksmiðjustjórninni heimilt að gera endurbætur á verksmiðjunum né bæta við nýbyggingum, er nemi yfir 75 þúsund krónum á ári, nema að fengnu leyfi Alþingis.

7. gr.

Ríkissjóður ber eigi ábyrgð á þeim skuldum, sem sildarverksmiðjur ríkisins stofna til eftir 31. des. 1937, nema heimild sé veitt til þess af Alþingi.

8. gr.

Nú er ríkissjóður eigandi sildarbræðslustöðvar, og er ríkisstjórninni þá heimilt að selja hana samvinnufélagi sildveiðimanna, ef slíkur félagsskapur æskir kaupanna og setur tryggingar, er ríkisstjórnin tekur gildar, enda hafi Alþingi lagt samþykki sitt á sölu. Ennfremur er það skilyrði fyrir slíkri sölu, að þátttaka í samvinnufélaginu sé almenn, bæði meðal útgerðarmanna og sjómanna.

9. gr.

Verksmiðjurnar taka við sild af framleiðendum til vinnslu fyrir þeirra reikning.

10. gr.

Áður en starfræksla verksmiðjanna hefst, skal stjórn þeirra gera samninga við þá útgerðarmenn, er óska að fá verksmiðjunum afla sinn til vinnslu, svo og um tölu veiðiskipa. Ganga samningsbundnir viðskiptamenn fyrir öðrum um mót-töku sildar. Skal áætlun um viðskiptamagnið vera fyrir hendi fyrir 15. maí ár hvert. Ákveður þá atvinnumálaráðherra innan viku, í samráði við stjórn verk-

smiðjanna, með hliðsjón af hinu áætlaða viðskiptamagni, hvort verksmiðjurnar verða reknar það ár.

Nú verður meira framboð á sild til bræðslu en sýnilegt er, að verksmiðjurnar geti unnið, og getur þá stjórn verksmiðjanna ákveðið, hve mikið verði tekið til vinnslu af hverjum framleiðanda, enda sé framleiðanda tilkynnt það svo fljótt sem verða má, ef ekki er hægt að taka þá sild til vinnslu, sem hann óskar að fá lagða inn í verksmiðjurnar.

#### 11. gr.

Eigendum skal greitt söluverð afurða þeirrar sildar, sem tekin er af þeim til vinnslu, að fráregnum þeim kostnaði, sem hér segir:

1. Stjórnarkostnaði og öðrum venjulegum rekstrarkostnaði, þar með taldir vextir af stofnkostnaði, eins og hann er á hverjum tíma.
2. Afborgun af stofnkostnaði sildarverksmiðjanna, svo sem um er samið á hverjum tíma við lánveitendur eða rikissjóð.
3. Ekki minna en 2% fyrningargjöld af húsum og mannvirkjum og 5% af vélum og áhöldum.
4. 5% gjald í varasjóð.

Áætlunarverð sildarafurða, ákveðið samkvæmt þessu og með hliðsjón af 9. gr., má greiða eigendum með allt að 85% við afhendingu til vinnslu, en eftirstöðvarnar, ef nokkrar verða, þegar allar afurðir verksmiðjanna hafa verið seldar, eða þá er ársreikningur er fullgerður.

#### 12. gr.

Sildarverksmiðjum ríkisins skal skylt að selja samvinnufélögum, bæjarfélögum, hreppsfélögum og búnaðarfélögum það af sildarmjöli, sem slík félög panta fyrir 30. september ár hvert.

Hámarksverð á sildarmjöli til samvinnufélaga, bæjarfélaga, hreppsfélaga og búnaðarfélaga ákveður ríkisstjórnin ár hvert, að fengnum tillögum verksmiðjusstjórnar og með hliðsjón af kostnaðarverði og markaðsverði, enda hafi félögin pantað fyrir 30. september það af sildarmjöli, sem þau telja sig þurfa og sildarbræðslurnar geta látið af höndum. Skulu félögin skyld að hafa leyst út pantanir sínar í síðasta lagi 10. nóv. það ár, sem þær eru gerðar.

Félögin mega aðeins láta sildarmjölið af hendi til notkunar innanlands. Brot á móti þessu varða sektum frá 1000 til 10000 kr.

#### 13. gr.

Reikningsár verksmiðjanna skal vera almanaksárið. Stjórn verksmiðjanna skal gera reikningsskil fyrir starfsárið svo fljótt sem auðið er, og eigi síðar en svo, að endurskoðendur geti lokið störfum sínum fyrir 1. júlí ár hvert.

Að þeim tíma loknum skal stjórn verksmiðjanna tafarlaust senda ríkisstjórninni afrit af rekstrar- og efnahagsreikningum verksmiðjanna, undirritaða af stjórninni og áritaða af endurskoðendum, ásamt skýrslu um störf og rekstur verksmiðjanna á árinu.

Reikningarnir skulu árlega birtir í B-deild Stjórnartíðindanna og ríkisreikningnum.

#### 14. gr.

Verksmiðjurnar skulu greiða 1% af brúttóandvirði seldra afurða ár hvert til bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs, þar sem þær eru starfræktar. Þær greiða ekki útsvar né tekju- og eignarskatt.

#### 15. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun verksmiðjanna setur atvinnumálaráðuneytið með sérstakri reglugerð.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 14 9. jan. 1935, um sildarverk-  
smiðjur ríkisins, og lög nr. 35 13. júní 1937, um breyting á lögum um sildarverk-  
smiðjur ríkisins 9. jan. 1935.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Kosning 5 manna í verksmiðjustjórn, samkv. 4. gr., skal fara fram á því þingi,  
sem samþykkir þessi lög. Fellur þá jafnframt niður umboð núverandi verksmiðju-  
stjórnar. Skipun endurskoðenda samkvæmt 5. grein fer fram strax og verksmiðju-  
stjórn hefir verið kosin. Fyrningargjöld af dr. Pauls verksmiðju, sem nú er eign  
ríkisins, skal eigi reikna þau 2 ár, sem eftir er að greiða fyrrverandi eiganda af-  
borganir af andvirði verksmiðjunnar samkvæmt samningi.

#### Greinargerð.

Með frv. þessu er gert ráð fyrir nokkrum breytingum á lögum og skipulagi  
sildarverksmiðjanna. Hér er aftur tekin upp hin eldri regla, að stjórnarnefndar-  
menn séu fimm, og lagt til, að allir séu þingkosnir. Þeim er lögð á herðar sú skylda  
að vera allan starfstíma verksmiðjanna hvert ár við fyrirtækin, í stað þess, að  
stjórnarnefndarmenn hafa stundum áður fyrr verið langdvölum burt frá verk-  
smiðjunum meðan þær störfuðu. Þá er lagt til, að ríkið beri aðeins ábyrgð á stofn-  
fé sínu í fyrirtækinu, en ekki á rekstrinum, og að ekki megi festa fé í meiri háttar  
breytingum á verksmiðjunum nema með heimild Alþingis. Þá er lagt til, að tekin  
sé upp sú regla, að borga framleiðendum við móttöku hrávörunnar ekki yfir 85%  
af áætluðu nettóverði, en bæta eigendum síðar upp það verð, ef varan selst betur.

Frv. er að því er snertir stjórn verksmiðjanna samið af meiri hluta nefndar,  
sem atvinnuáráðherra skipaði til að undirbúa löggjöf um það efni, og lauk  
störfum í byrjun yfirstandandi þings.

Einn flutningsmanna (MG) áskilur sér rétt til að bera fram breytingartil-  
lögur við nokkrar gr. frv., sérstaklega 9. gr.

**Ed.**

#### 162. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í milliríkjasam-  
ningi 3. marz 1937, um slysabætur.

(Afgreidd frá Ed. 19. nóv.).

Samhljóða þskj. 73.

**Nd.**

#### 163. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 121 12. des. 1935, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski,  
hagnýtingu markaða o. fl.

Flm.: Finnur Jónsson, Bergur Jónsson, Gísli Guðmundsson,  
Héðinn Valdimarsson, Skúli Guðmundsson.

1. gr.

Orðin „nefndarkostnaður greiðist úr ríkissjóði“ í 5. málsg. 1. gr. laganna falli  
niður.

2. gr.

Síðari málsl. 2. gr. laganna, „Getur ríkisstjórnin“ o. s. frv., falli niður.

3. gr.

Orðið „þrjá“ í 2. málsgr. 2. málsl. 12. gr. laganna falli niður.

4. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Fiskimálasjóður skal vera undir umsjón atvinnumálaráðherra. Fé sjóðsins skal verja samkv. 14. gr. laga þessara.

Tekjur fiskimálasjóðs eru þessar:

1. Ríkisstjórninni er heimilt að greiða úr ríkissjóði 400000 kr. árlega til sjóðsins af útflutningsgjaldi sjávarafurða.
2. Við útflutning fisks og fiskafurða, annara en síldarafurða, skal greiða gjald í sjóðinn, er nemi  $\frac{1}{2}\%$  — hálfum af hundraði — af verðmæti þeirra miðað við fob. verð. Þó getur ríkisstjórnin ákveðið að undanskilja fisk og fiskafurðir, sem sendar eru til útlanda í tilraunaskyni. Skilagrein fyrir því, hvernig sjóðnum er varið, skal árlega fylgja landsreikningi.

5. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að veita stofnunum, félögum og einstaklingum lán eða styrk úr fiskimálasjóði til þess, er hér greinir:

1. Að koma á fót niðursuðuverksmiðjum fyrir sjávarafurðir eða styrkja niðursuðuverksmiðjur, sem fyrir eru.
2. Að kaupa hraðfrystitæki í þau frystihús, sem samkv. álitu ráðherra og fiskimálanefndar eru vel sett og hæf til þess að frysta fisk til útflutnings, þó ekki yfir 15000 kr. á hvert hraðfrystihús. Ennfremur til að reisa hraðfrystihús fyrir fisk á þeim stöðum, þar sem mest nauðsyn er fyrir hendi, allt að  $\frac{1}{4}$  kostnaðar, þó ekki yfir 25000 kr. á hvert hraðfrystihús. Þau hraðfrystihús, sem reist hafa verið síðustu tvö árin, svo og þau frystihús, er á sama tíma hafa komið upp hraðfrystitækjum til fiskfrystingar, geta einnig orðið hlunninda þessara aðnjótandi.
3. Að styrkja félag sjómanna, verkamanna og annara til að kaupa í tilraunaskyni togara með nýtzku vinnslutækjum, og má styrkur nema allt að 25% — tuttugu og fimm af hundraði — af kostnaðarverði, enda leggi eigendur fram 15—20% — fimmtán til tuttugu af hundraði — af verðinu. Félagið sé stofnað undir eftirliti fiskimálanefndar, og er öllum sjómönnum og verkamönnum, sem fullnægja ákveðnum, almennum skilyrðum, er nefndin setur, heimil þátttaka. Þeim, sem fá styrk til togarakaupa, er óheimilt að veðsetja skip, er styrkur hefir verið veittur til, fyrir hærri fjárhæð en kostnaðarverði, að fráregnu framlagi fiskimálasjóðs. Nú er slíkt skip selt, og skal þá endurgreiða fiskimálasjóði þann hluta söluverðsins, sem er hlutfallslega jafn framlagi sjóðsins, til togarakaupanna, þó því aðeins, að veðhöfum sé áður fullnægt um greiðslu veðskulda samkvæmt framansögðu.
4. Að gera tilraunir til veiða með nýjum aðferðum eða nýjum veiðarfærum og leita nýrra aflamiða.
5. Að verka fisk eða aðrar sjávarafurðir með nýjum aðferðum, leita nýrra markaða fyrir sjávarafurðir, svo og til að auka sölu þeirra á hinum eldri og annað það, er lýtur að viðgangi sjávarútvegsins. Ríkisstjórninni er heimilt, ef henta þykir, að fela fiskimálanefnd einni ýmsar framkvæmdir samkvæmt framan-skráðu, eftir nánari fyrirætlum ráðherra.

Fiskimálanefnd annast um veitingu lána og styrkja úr fiskimálasjóði, að fengnu samþykki ráðherra.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. jan. 1938.

7. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt meginmáli laga nr. 42 13. júní 1937, um viðauka við lög nr. 121 12. des. 1935, inn í lög nr. 121 12. des. 1935, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að tilhlutun ríkisstjórnarinnar, og eru ástæður fyrir því þessar:

Það er nú almennt orðið viðurkennt, að vegna hinnar miklu sölutregðu á saltfiski og hins lága verðlags á þeirri vöru, þarf að gera stórfelldar ráðstafanir til þess að breyta atvinnuháttum fólksins við sjóinn og beina framleiðslu þess á útflutningsvörum inn á nýjar brautir. Saltfiskur var um mörg undanfarin ár aðalútflutningsvara vor Íslendinga, en nú hefir útflutningur á honum minnkað svo mjög, að á síðastl. ári nam verðmæti hans aðeins um 14,5 milljónum króna og á þessu ári mun útflutningur verða svipaður. Árið 1930 nam útflutningur þessarar vöru hinsvegar um 36 milljónum króna og á árinu 1933 nær 31 milljón króna. Útflutningsverðmæti þessarar vörutegundar hefir þannig minnkað síðan 1930 um 22 milljónir króna og síðan 1933 um rúmar 16 milljónir króna. Má nærri geta, hvíllik geysíáhrif þetta hefir haft á fjárhag þjóðarinnar í heild og ríkisins. Hefir þannig komið í ljós, hve misráðið var að hafa framleiðslu sjávarafurða svo einhæfa sem raun var á.

Á árinu 1935 var af hálfu núverandi stjórnarflokka með stofnun fiskimálanefndar hafizt handa til þess að bæta úr þessu öngþveiti. Var þá af hálfu ríkisins lagt fram fé í fiskimálasjóð, sem varið hefir verið til ýmiskonar nýbreytni í verkun og hagnýtingu sjávarafurða. Styrkur hefir verið veittur til karfaveiða, hraðfiskverkunar, stofnunar rækjuverksmiðju, hraðfrystihúsa og ýmsra annara framkvæmda fyrir sjávarútveginn. Hefir þetta orðið til þess, að nú eru útfluttar ýmsar sjávarafurðir fyrir verulega fjárhæð, sem ekki voru hagnýttar áður.

Þar eð ekki er útlit fyrir, að útflutningur á saltfiski aukist að mun í náinni framtíð, er augljóst, að enn er þörf á að auka þessa starfsemi, og miðar frv. þetta að því.

Sérstök ástæða virðist til að efla frekari tilraunir með niðursuðu og niðurlagningu sjávarafurða, þar sem vitað er, að vinnulaun eru mikill hluti af útflutningsverði ýmsrar niðursuðuvöru, og hér við land eru margar tegundir fiska og sjávardýra, sem eru einkar vel fallnar til slíkrar hagnýtingar.

Þá má geta þess, að kolaveiðar með dragnót hafa á þessu ári verið mjög stundaðar og að hraðfrystur koli er verðmæt og seljanleg útflutningsvara. Ennfremur er mikil vinna við að flaka hann og hraðfrysta. Fiskimálanefnd hefir haft forgöngu um verkun kolans og styrkt nokkur ishús til að koma upp hraðfrystitækjum nú á þessu ári. Er sýnilegt, að þörf er fyrir fleiri hraðfrystihús, og því er gert ráð fyrir í frv., að fiskimálasjóður styrki byggingu þeirra og kaup á hraðfrystitækjum.

Mörgum hefir verið áhyggjuefni, hve togaraflotinn hefir gengið úr sér, án þess hann væri endurnýjaður. Auk þess eru flestir togararnir orðnir gamlir og því dýrir í rekstri, ennfremur vantar í þá ýms nýtizku tæki, til þess að unnt sé að hagnýta aflann sem bezt. Þar sem nauðsynlegt verður að teljast, að gerðar séu tilraunir með rekstur nýtizku togara, er hér lagt til, að fiskimálasjóður veiti styrk til slíkra togaraкупа. Þá verður og að teljast rétt, að slíkur styrkur sé fyrst og fremst veittur þeim, er að framleiðslunni vinna, og er því ákveðið í frv., að hann skuli veittur félagi sjómanna, verkamanna og annara, er þann félagsskap vilja styrkja með þátttöku sinni.

Þar eð í frv. er gert ráð fyrir talsvert háu beinu fjárframlagi, þykir rétt að tryggja það, að framlagið verði eigi dregið út úr framleiðslunni við eigendaskipti, og eru ákvæði um það í frv.



Gert er ráð fyrir í frv., að ýmsri annari starfsemi fiskimálanefndar, svo sem tilraunum með ný veiðarfæri, leit að aflamiðum, markaðsleitum o. fl. verði haldið áfram, svo sem verið hefir, og þessar framkvæmdir styrktar úr fiskimálasjóði.

Áætlað er, að tekjur fiskimálasjóðs verði samkv. frv. þessu rúm ½ milljón króna á ári, er varið verði til þessarar starfsemi og greiðslu kostnaðar við störf fiskimálanefndar.

## **Nd. 164. Breytingartillaga**

við frv. til l. um váttryggingarfélög fyrir vélbáta.

Frá Sigurði Kristjánssyni og Finni Jónssyni.

Við 5. gr. Í stað „15000 kr.“ í fyrri málsg. 5. greinar komi: 20000 kr.

## **Ed. 165. Nefndarálit**

um frv. til l. um bændaskóla.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til við hv. deild, að frumvarpið verði samþykkt með eftirtöldum

### **BREYTINGUM.**

1. Við 2. gr. Önnur málsg. orðist þannig:  
Á búunum skal gera ýmsar hagnýtar tilraunir í landbúnaði, svo sem jarðrækt, garðrækt, akuryrkju, kynbótum, fóðrun búfjár og loðdýrarækt.
2. Við 4. gr.
  - a. Eftir fyrstu málsg. komi ný málsg., svo hljóðandi:  
Skólastjóri hefir aðalumsjón með nemendum skólans og húsum hans og áhöldum.
  - b. Í stað orðsins „fri“ í 4. mgr. komi: leyfi frá starfi.
  - c. Í stað „mánaðarfri“ í 5. mgr. komi: mánaðarleyfi.
3. Við 5. gr. Í stað orðanna „skal leyft að sleppa yngri deild“ í síðustu mgr. komi: eigi skylt að ganga í yngri deild.
4. Við 6. gr. Aftan við b-lið greinarinnar bætist: Heimilt er skólastjóra að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef ástæða þykir til.
5. Við 7. gr. Orðið „landmælingar“ í 8. mgr. falli niður.
6. Við 11. gr. Í stað „forðagæzlumanna“ í 2. mgr. komi: forðagæzlumenn.

Alþingi, 20. nóv. 1937.

Páll Zóphóniasson,  
form., frsm.

Jón Baldvinsson,  
fundaskr., með fyrirv.

Dorst. Dorsteinsson.

## **Nd. 166. Lög**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í milliríkjasamningi 23. marz 1937, um möskva fisknetja og lágmarkslengd á fiski.

(Afgreidd frá Nd. 20. nóv.),

Samhljóða þskj. 128.

**Ed.**

## 167. Frumvarp til laga

um gjaldeyrisverzlun o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

### 1. gr.

Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f hafa einkarétt til að verzla með erlendan gjaldeyri, þangað til öðruvísi kann að verða ákveðið. Þó skal útgerðarmönnum heimilt að ráðstafa þeim erl. gjaldeyri, sem fæst fyrir útflutningsvörur þeirra, að því leyti sem þeir þurfa hann til greiðslu á vörum til útgerðar sinnar. Jafnframt er bannað, þar til ríkisstjórnin ákveður annað, að flytja til og frá útlöndum íslenzkan gjaldeyri. Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um gjaldeyrisverzlunina og bannið gegn flutningi íslenzks gjaldeyris milli landa, og er heimilt að setja þau ákvæði í reglugerð, að tolefftirlitsmenn megi leita alstaðar í skipum eða öðrum flutningstækjum, til þess að fyrirbyggja brot á reglugerðinni.

Með reglugerð er heimilt að setja þau ákvæði, er þurfa þykir til þess að tryggja það, að íslenzkar afurðir og aðrar vörur, sem fluttar eru til útlanda, verði greiddar með erlendum gjaldeyri og að hann renni til bankanna, með þeirri undantekningu, sem gerð er í þessari grein.

Ennfremur er heimilt að ákveða með reglugerð, að allir, sem ætla að ferðast til útlanda, skuli gefa, áður en þeir fara, skýrslu fyrir lögreglustjóra um, að þeir hafi aflað sér nauðsynlegs erlends gjaldeyris á löglegan hátt, eða þeir geti séð sér farborða erlendis án þess að brjóta íslenzka gjaldeyrislöggjöf, og að eigendum eða forráðamönnum flutningstækja skuli óheimilt að selja mönnum farmiða eða flytja fólk til útlanda, nema fyrir liggja vottorð frá lögreglustjóra um, að nefnd skýrsla hafi verið gefin fyrir honum.

### 2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að engar vörur megi flytja til landsins, nema með leyfi gjaldeyris- og innflutningsnefndar. Ennfremur að engan erlendan gjaldeyri megi láta af hendi nema með leyfi nefndarinnar, og sé gjaldeyrinum og innflutningsleyfum úthlutað eftir reglum, sem fjármálaráðherra setur, að fengnum tilögum þeirra banka, sem fulltrúa eiga í gjaldeyris- og innflutningsnefnd. Leyfi þarf þó eigi til þess að inna af hendi erlendar greiðslur af lánum ríkissjóðs, lánum bæjar- og sveitarfélaga og lánum þeim, sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir, eða greiðslum erlendis í þarfir bankanna.

### 3. gr.

Gjaldeyris- og innflutningsnefnd skal skipuð fimm mönnum, sem fjármálaráðherra skipar. Skal einn þeirra skipaður samkvæmt tilnefningu bankastjóra Landsbanka Íslands, einn samkvæmt tilnefningu bankastjóra Útvegsbanka Íslands h/f, og þrír af fjármálaráðherra án tilnefningar, og sé einn þeirra formaður og framkvæmdarstjóri nefndarinnar. Ef nefndarmaður forfallast, skipar fjármálaráðherra varamann um stundarsakir eftir sömu reglum og aðalmenn eru skipaðir. Til þess að standast kostnað við nefndina skulu allir þeir, sem innflutningsleyfi fá, greiða 2% — tvo af þúsundi — af upphæð þeirri, sem leyfið hljóðar um, en þó eigi minna en 50 aura fyrir hvert einstakt leyfi.

### 4. gr.

Fjármálaráðherra setur nefndinni reglur um það, á hvern hátt hún skuli haga störfum sínum. Heimilt er að veita nefndinni með reglugerð vald til þess að setja þau skilyrði fyrir leyfisveitingum, sem ástæða þykir til.

5. gr.

Lögreglustjórar (tollstjórinn í Reykjavík), hver í sínu umdæmi, skulu láta hagstofunni í té nákvæma skýrslu um magn, tegund og söluverð útfluttrar vöru, jafn-skjótt og skip það, er vörunar flytur, leggur frá landi. Ennfremur skulu þeir eigi síðar en 5. hvers mánaðar láta hagstofunni í té skýrslu um innflutning í næsta mánuði á undan, og skal skýrslan vera í því formi, er hagstofustjóri ákveður.

6. gr.

Brot á lögum þessum eða reglugerðum þeim og auglýsingum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 50000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Sömu refsingu varðar það, ef leyfishafi brýtur þau ákvæði, sem gjaldeyris- og innflutningsnefnd kann að hafa sett sem skilyrði fyrir leyfisveitingum. Ennfremur er upptækar sá ágóði, er fæst við brot á lögum þessum, reglugerðum, auglýsingum eða skilyrðum, sem gjaldeyris- og innflutningsnefnd hefir sett fyrir leyfisveitingum. Þá er heimilt að gera upptækar með dómi vörur og íslenzkan gjaldeyri, sem er ólöglega fluttur frá útlöndum eða reynt er að flytja til útlönda á ólöglegan hátt.

Með mál út af brotum á lögum þessum, reglugerðum þeim og auglýsingum, er settar verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum, reglugerðum og auglýsingum, sem settar verða samkvæmt þeim, renna í rikissjóð. Upptækar vörur og íslenzkur gjaldeyri verður eign rikissjóðs.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 11 9. jan. 1935, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ed.

## 168. Nefndarálit

um frv. til l. um nýja sildarverksmiðju á Raufarhöfn.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Frv. þetta hefir legið fyrir sjávarútvegsnefnd efri deildar síðan í byrjun þings, en ekki náðst samkomulag um það í nefndinni að afgreiða það að svo komnu máli.

Minni hl. hefir, í því skyni að ná fullu samkomulagi við aðra nefndarmenn um málið, frestað hvað eftir annað að kljúfa sig frá meiri hlutanum, og nú síðast vegna þess, að lofað var álitu sildarbræðslustjórnar rikisins á fundi nefndarinnar í dag, sem þó ekki lá fyrir þegar til kom.

Hér er svo mikið hagsmunamál fyrir vélbátafлотann og hin smærri skip yfir höfuð að ræða, að minni hl. telur það óverjandi, að framganga þess sé látin dragast úr hömlu á þessu þingi, en það gæti vel orðið, ef frestað yrði öllu lengur að skila því úr nefnd.

Minni hl. leggur því til að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir, en áskilur sér rétt til þess að koma fram með breytingartillögur, eða fallast á þær, er fram kunna að koma, ef það þykir réttara og tilefni gefst við meðferð málsins í deildinni.

Alþingi, 22. nóv. 1937.

Jóhann P. Jósefsson.

**Nd.**

## **169. Frumvarp til laga**

um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Pétur Ottesen.

I. Á eftir B. 2. í 2. gr. laganna koma nýir liðir:

a. *Lundarreykjadalvegur*: Frá Gótuási á Uxahryggjaveg gegnt Gilstreymi.

b. *Grímsárbraut*: Af Vesturlandsvegi hjá Hesti um Varmalæk og Stóra-Kropp á Reykholtsdals- og Hálsasveitarveg.

II. Á eftir B. 3. í sömu lagagrein bætist nýr liður:

*Akrafallsvegur*: Af Akranesvegi hjá Litlu-Fellsöxl fyrir Akrafjall um Klafastaði og Kúludalsá á Þjóðveginn ofan við Skipaskaga.

### **Greinargerð.**

Breyting sú á vegalögum, sem lagt er til að gerð verði með þessu frv., er í fullu samræmi við þá stefnu, sem við afgreiðslu og samþykkt vegalaga á Alþingi á undanförunum árum hefir verið lögð til grundvallar því, hversu háttáð skuli vera umferð og legu þeirra vega, er taka beri upp í tölu þjóðvega.

Nú um allmörg ár hefir verið unnið að vegalagningu fram Lundarreykjadal, með hliðsjón af brýnni þörf þessa byggðarlags á því að komast í akvegasamband við kaupþún héraðsins, og þá einnig og ekki síður með það fyrir augum, að vegurinn úr Lundarreykjadalnum um Uxahryggi á Kaldadalsveginn yrði gerður akfær. Samkvæmt rannsókn, sem á því hefir verið gerð að tilhlutun vegamálastjórnarinnar, hefir það komið í ljós, að með tiltölulega litlum kostnaði er hægt að gera akfært yfir Uxahryggi á Kaldadalsveginn. Með því að gera þessa leið akfæra er í verulegum mæli greitt fyrir samgöngum milli Norður- og Vesturlands og Reykjavíkur, því um Uxahryggi er skemmt leið úr Borgarfirðinum suður á bóginn.

Um Grímsárbraut er það að segja, að unnið hefir verið að byggingu þess vegar á undanförunum árum, og með smíði Grímsárbrúarinnar hjá Fossatúni, sem lokið var við á síðastl. sumri, og væntanlegu framhaldi á vegagerð á þessari leið og byggingu brúar á Reykjadalssá á næsta ári, eins og ég hefi lagt fram tillögur um, er leiðin frá Vesturlandsvegi hjá Hesti og á Þjóðveginn í Reykholtsdal orðin bilfær. Þegar svo er komið, verður þess að sjálfsögðu skammt að biða, að vegurinn um Grjótháls á Norðurlandsbraut verði gerður akfær, því með því móti styttest billeiðin milli Vestur- og Norðurlands og Reykjavíkur til stórra muna, en mestu munar þó, ef áður eða jafnframt yrði vegurinn úr Lundarreykjadalnum, sem fyrr getur, um Uxahryggi á Kaldadalsveginn, gerður akfær.

Það er því hin mesta nauðsyn, bæði með tilliti til samgangnanna innanhéraðs og þá ekki síður langferðanna, að því sé hraðað sem allra mest að kostur er á að gera þessar leiðir akfærar.

Eins og kunnugt er, hefir bústofn bænda hrunið niður á þessum svæðum af völdum fjárpestarinnar. Væri það því einkar hagkvæmt að leggja nú kapp á að gera þessar leiðir akfærar og sameina þar brýna atvinnuþörf fólksins, sem misst hefir bústofninn, og þann stórfellda ávinning, sem í því felst að stytta hina fjölförnu landleið milli Vestur- og Norðurlands og Reykjavíkur um tugi kílómetra.

Unnið hefir verið að Akrafjallsvegi nú um mörg undanfarin ár, og hefir vegamálastjóri látið framkvæma mjög gaumgæfilega athugun á allri tilhögun á vegalagningu á þessu svæði, og er sú útfærsla á Þjóðvegakerfinu, sem þar um ræðir, í alla staði eðlileg.

**Ed.**

## **170. Nefndarálit**

um frv. til laga um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

### **BREYTINGU:**

Við 4. gr. 2. málslíður greinarinnar orðist svo:

Um skipun tilsjónarmanns fer eftir sömu reglum og um skipun lögráðamanns, nema sérstakar ástæður mæli því í gegn.

Alþingi, 19. nóv. 1937.

Sigurjón Á. Ólafsson,  
form.

Ingvar Pálmason,  
fundaskr., frsm.

Magnús Guðmundsson.

**Nd.**

## **171. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 18 1934, um kosningar til Alþingis.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

### **1. gr.**

24. gr. laganna orðist svo:

Sá, sem er óánægður með úrskurð bæjarstjórnar eða hreppsnefndar út af kæru hans yfir kjörskrá, á kröfu til, að sér verði fengið eftirrit af úrskurðinum ókeypis, og getur hann sótt málið fyrir dómi. Á sama hátt getur sá, sem vegna fjarvistar eða af öðrum ástæðum hefir ekki átt kost á að koma fram með kæru út af kjörskrá áður en kærufrestur er liðinn, sótt málið fyrir dómi, hvort sem málið varðar hann sjálfan eða ekki. Máli út af þessu skal dómara skylt að hraða svo, að því verði lokið fyrir kjördag, ef unnt er. Réttargjöld skulu engin greidd fyrir undirrétti, og skal dómari skipa mann fyrir hönd þeirrar bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, sem stefnt er. Falli dómur þannig, að kjörskrá beri að breyta, skal fullnægja dómnum þegar er sækjandi málsins leggur fram eftirrit af honum, og frestar áfrýjun ekki fullnægingu dómsins.

### **2. gr.**

Aftan við 43. gr. laganna bætist ný málgr., svo hljóðandi:

Ef frambjóðandi hefir dáið og annar boðið sig fram í hans stað samkv. heimild og að fullnægðum skilyrðum 32. gr., skal hlutaðeigandi yfirkjörstjórn tafarlaust tilkynna það dómsmálaráðuneytinu, sem birtir framboðið í útvarpinu og tilkynnir það öllum yfirkjörstjórnnum, svo og öllum hreppstjórnnum, sýslumönnum og bæjarfógetum (í Reykjavík lögmanni).

### **3. gr.**

Síðari málgr. 66. gr. laganna orðist svo:

Enginn má við sömu alþingiskosningar senda frá sér nema einn kjörseðil. Þegar svo stendur á, að frambjóðandi hefir dáið og annar boðið sig fram í hans stað samkv. heimild og að fullnægðum skilyrðum 32. gr., má þó kjósa, sem

þegar hefir greitt atkvæði utan kjörfundar, endurtaka kosninguna, og eins þó að hann eigi ekki kost á að heimta þá þegar aftur hið fyrra atkvæði sitt (sbr. 75. gr.), annaðhvort af því, að það sé í fjarlægð, eða varðveitt í innsigliðum atkvæðakassa.

4. gr.

Aftan við 100. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Nú berast fleiri en eitt atkvæði greidd utan kjörfundar frá hinum sama kjósenda (sbr. 32. og 66. gr.), og skal þá aðeins hið síðast greidda atkvæði koma til greina.

5. gr.

Aftan við 2. tölul. 110. gr. laganna bætist: (sbr. þó 112. gr.)

6. gr.

Aftan við 112. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Utankjörfundaratkvæði greitt látnum frambjóðanda skal, ef annar hefir boðið sig fram í hans stað samkv. heimild og að fullnægðum skilyrðum 32. gr., teljast greitt hinum síðari frambjóðanda.

7. gr.

Aftan við 11. tölul. 147. gr. laganna bætist: (sbr. þó 66. gr.).

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

## **Nd. 172. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 125 31. des. 1935 [Útflutningsgjald af síld o. fl.].

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. laganna skal orða svo:

Aftan við 2. gr. laga nr. 52 8. sept. 1931 bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Á sama hátt má endurgreiða innflutningstoll af sykri, sem notaður er til sykursöltunar á þorski og þorskhrögnum (gotu), og af efnum, sem notuð eru til verkunar grásleppuhrogna til útflutnings. Sá, sem vill fá tollinn endurgreiddan, skal sanna með vottorði fiskimatsmanns, um hve mikið magn þessara efna er að ræða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## **Nd. 173. Lög**

um breyting á lögum nr. 43 13. nóv. 1903, um vörumerki.

(Afgreidd frá Nd. 22. nóv.).

Samhljóða þskj. 62.

**Nd.**

## **174. Frumvarp til laga**

um hafnargerð á Hofsósi.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Pálmi Hannesson.

1. gr.

Ríkissjóður veitir til hafnargerðar á Hofsósi í Hofshreppi í Skagafjarðarsýslu, samkvæmt áætlun, er ríkisstjórnin hefir samþykkt,  $\frac{2}{5}$  kostnaðar, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 120000,00 — eitt hundrað og tuttugu þúsund krónur — gegn  $\frac{3}{5}$  hlutum frá hafnarsjóði Hofshrepps.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 120000,00 — eitt hundrað og tuttugu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Hofsóss kann að taka, en þó aldrei meira en  $\frac{2}{5}$  kostnaðar við hafnargerðina. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin af atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum hafnarnefndar Hofsóss.

4. gr.

Sérhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Hofsóss. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Hofsóss.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki sveitarstjórnar Hofshrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til sveitarstjórnar.

Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hættu stafi af því. Þessi ákvæði gilda og um þær bryggjur og önnur mannvirki, sem þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 20--500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Sveitarstjórn Hofshrepps fer með stjórn hafnarmálefna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni og eignum hennar skal fela hafnarnefnd. Hafnarnefnd skipa þrjú menn, kosnir af sveitarstjórn Hofshrepps. Nefndarmenn skulu kosnir til þriggja ára. Gengur einn úr árlega, fyrstu tvö árin eftir hlutkesti.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Sveitarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og sveitarstjórn hefir ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Sveitarstjórn má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfna, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, sem hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á Hofsósshöfn, og farmi þeirra:
  - a. Lestagjald.
  - b. Vitagjald.
  - c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
  - d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
  - e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
  - f. Allt að  $\frac{1}{4}$  hlutar af hverjum vélbát 12 smál. eða stærri, og hlutfallslega af sildveiðiskipum og togurum, en allt að  $\frac{1}{6}$  hlutar af smærri vélbátum en 12 smál. og róðrabátum.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hafnarnefnd Hofsóss semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulíð 2. a., b. og c.

11. gr.

Nú má álita, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hafnarnefndin, með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í rikissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkv. 11. gr., má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir sveitarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Sveitarstjórn skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstöku gjalda- og tekjuliðum.



14. gr.

Nú hefir sveitarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnuáráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er á, að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið liður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það sveitarstjórn í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess, að vikja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarreikninga.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hafnarnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættalausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvikjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum reuna í hafnarsjóð.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Hofsós við Skagafjörð er einn elzti verzlunarstaður á landinu, og er þar dálítið þorp. Íbúar þess munu nú vera um 300. Þetta fólk lifir aðallega á útgerð, því að þótt nokkur ræktun hafi verið gerð þar hin síðustu árin og landbúskapur þess vegna aukizt, er sjávarfangið þó aðaltekjur íbúanna.

Aðstaða til landingarbóta er betri á Hofsósi en annarsstaðar við Skagafjörð. Þó er ómögulegt að stunda þaðan sjó að staðaldri, nema fá þar gerðar allverulegar hafnarbætur. Allmargir mótorbátar („trillur“) hafa verið gerðir út þaðan að undanförunu. Er stutt á fiskimið og tiltölulega gott til fanga, ef landing er trygg.

Tvo undanfarin sumur hefir verið unnið að hafnarbótum á Hofsósi. Hefir nú verið gerð þar góð bátahöfn, ásamt „plani“ til síldarsöltunar. Mannvirki þetta hefir kostað um 140 þúsund krónur. Framlag ríkisins hefir verið miðað við landingarbætur, eða  $\frac{1}{3}$  af kostnaði. Nú verður það sýnilega ofraun einu fátæku hreppsfélagi að standa straum af þessu mannvirki. Þess vegna er hér borið fram frumvarp um hafnargerð á Hofsósi. Er svo til ætlað, að ríkissjóður leggi fram sama hluta og við aðrar hafnargerðir, eða  $\frac{2}{5}$  af kostnaðarverði.

Samkvæmt frumvarpinu er húizt við, að höfnin muni kosta allt að 300 þús. krónur fullgerð. En þess skal getið, að ekki er gert ráð fyrir að vinna meira við hafnargerðina fyrst um sinn en nú er þegar búið. Enda kemur höfnin að fullum notum fyrir mótorbáta og smærri síldarskip eins og hún nú er. En síðar meir mundi hafnargarðurinn lengdur svo, að stærri skip gætu lagzt við hann.

Nánar í framsögu.

Nd.

## 175. Frumvarp til laga

um tekjuöflun fyrir rikissjóð til atvinnuaukningar o. fl.

Flm.: Einar Olgeirsson, Ísleifur Högnason.

### 1. gr.

Til þess að standast aukin útgjöld rikissjóðs til atvinnubóta, verklegra framkvæmda og til styrktar smáútvegsmönnum og bændum, skal innheimta skatta svo sem hér segir.

## I. KAFLI

### Stóribúða- og háleiguskattur.

### 2. gr.

Hver sá, sem býr í íbúð, sem metin er til fasteignamats yfir 18000 kr. virði með tilheyrandi lóð, og eigi hefir fleiri í heimili en 5 manns, skal greiða af henni stóribúðaskatt. Fyrir hvern heimilismann umfram 5 skal hækka skattfrjálst íbúðarverð um 2500 kr. og lækka það um sömu upphæð fyrir hvern mann, sem heimilismenn eru færri en 5. Þó skulu íbúðir, sem að fasteignamati eru 12000 kr. virði eða minna, jafnan vera skattfrjálsar.

Stóribúðaskatturinn skal nema:

Ef hinn skattskyldi hluti íbúðarverðsins er undir 5000 kr., greiðist af honum 3%.

Af 5000—15000 kr. greiðast	150 kr. af	5000 kr. og 3.5% af afgangi.
— 15000—25000 —	500 —	15000 — 4 —
— 25000—35000 —	900 —	25000 — 4.5 —
— 35000—45000 —	1350 —	35000 — 5 —
— 45000—55000 —	1850 —	45000 — 5.5 —
— 55000—65000 —	2400 —	55000 — 6 —
— 65000—75000 —	3000 —	65000 — 6.5 —
— 75000 og þar yfir —	3650 —	75000 — 7 —

Húseigandi er ábyrgur fyrir skattgreiðslu leigjenda sinna, enda hvílir skatturinn sem lögveð á húseigninni. Skattinn má taka lögtaki.

Skatturinn greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn 1. maí 1938.

Skattfrjálsar eru íbúðir sendiherra erlendra rikja.

### 3. gr.

Af hverskonar húsaleigu, sem nemur meira en 15% af kaupverði húseignarinnar, að meðtalinni lóð, skal húseigandinn greiða háleiguskatt af því, sem umfram er. Kaupverðið telst það verð, er eigandi eignaðist eignina fyrir í upphafi, að viðbættu æfilega metnu andvirði endurbóta og viðbygginga, en að frádreginni eðlilegri fyrningu. Hafi eigandi fengið eignina að erfðum, vegna stofnunar eða slita hjúskapar eða annan þvílíkan hátt, telst kaupverðið það, sem eignin var honum útlögð fyrir. Ef um gjöf er að ræða, skal eignin sérstaklega metin í þessu skyni til verðs, svo sem að telst verið hafa á þeim tíma, er eigandinn fékk hana í hendur.

Háleiguskattinn skal reikna af þeim hluta húsaleigunnar, sem er umfram 15% af kaupverði, og skal hann nema:

Af því, sem leigan nemur yfir 15% allt að 20% af kaupverði, greiðist 10%									
— — — — —	20—	—	—	25—	—	—	—	—	20—
— — — — —	25—	—	—	30—	—	—	—	—	30—
— — — — —	30—	—	—	35—	—	—	—	—	40—
— — — — —	35—	—	—	40—	—	—	—	—	50—
— — — — —	40—	—	—	45—	—	—	—	—	60—
— — — — —	45—	—	—	50—	—	—	—	—	70—
— — — — —	50—	—	—	55—	—	—	—	—	80—
— — — — —	55—	—	—	60—	—	—	—	—	90—
— — — — —	60—	—	—	65—	—	—	—	—	100—

Skattur þessi hvílir sem lögveð á eignunum, hefir lögtaksrétt og greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn 1. maí 1938.

Öryrkja fólk, sem jafnframt er efnalítið og ekki hefir meiri tekjur, að meðtöldum tekjum af húsaleigu, en svo, að nægi til framfæris, má undanþiggja háleiguskatti.

Háleiguskatt skal ekki greiða af húsaleigu í húsum, sem byggð eru eftir að lög þessi öðlast gildi.

#### 4. gr.

Skattur samkv. 2. og 3. gr. ákveðst af skattstjóra í Reykjavík, en af skattanefndum utan Reykjavíkur. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um ákvörðun skattsins, ákvörðun kaupverðs og mat á endurbótum, viðbyggingum og fyrningu, um hversu greina skal sundur og meta einstaka hluta í sama húsi til eignar, kaupverðs eða leigu, og um undanþágur handa öryrkja fólk.

## II. KAFLI

### Vaxtaskattur.

#### 5. gr.

Greiða skal skatt af eftirgreindum vaxtatekjum:

1. Vöxtum af innstæðum hjá lánsstofnunum, svo sem bönkum, sparisjóðum, innlánsdeildum félaga og öðrum lánsstofnunum.
2. Vöxtum af skuldabréfum eða víxlum, sem tryggðir eru með veði í fasteign, bankavaxtabréfum, ríkisskuldabréfum, skuldabréfum bæjar- og sveitarsjóða og öðrum slíkum opinberum verðbréfum.

Afföll af veðskuldabréfum teljast til vaxta, og skal telja öll afföll til vaxtatekna á því ári, sem afföllin eru tekin.

#### 6. gr.

Af hinni skattskyldu vaxtafjárhæð samkv. 7. gr. skal greiða vaxtaskatt: 10% af vöxtum allt að 5%, 11% af vöxtum 5—6%, 12% af vöxtum 6% og yfir. Sami skattstigi skal gilda við greiðslu skatts af afföllum samkv. síðustu málgr. 5. gr.

#### 7. gr.

Gjalddagi vaxta er gjalddagi vaxtaskatts af öllum vaxtabréfum, en af innstæðum í bönkum og öðrum lánsstofnunum er gjalddagi 1. júlí og 31. des. ár hvert. — Skattskyldan vaxtatíma skal reikna frá síðasta gjalddaga skattsins og í fyrsta sinn frá þeim tíma sem síðasti gjalddagi hefði verið, ef lögín hefðu verið í gildi.

#### 8. gr.

Undanþegnir greiðslu vaxtaskatts eru:

Konungur og ættmenn hans, ríkissjóður, ríkisfyrirtæki og ríkisstofnanir og aðrir þeir sjóðir, er standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar, sveitarfélög, bæjarfélög og sýslusjóðir og fyrirtæki, er þau reka, og sjóðir þeirra, bankarnir og þeir sparisjóðir,